



SKOÐUN Jón Ásgeir Jóhannesson skrifar um réttarvörslukerfið. **11**



TÍMAMÓT Jóhanna Magnúsdóttir segir frá fundi Norræna vatnslítafélagsins. **12**



LÍFÍÐ Foreldrar Hafþórs Júlíusar hafa ferðast víða til þess að sjá soninn keppa. **22**



SPORT Hildur gæti spilað sinn síðasta körfuboltaleik á ferlinum í kvöld. **18**

LANDMARK

FASTEIGNASALA

Landmark leiðir þig heim!
Sími 512 4900 landmark.is

FRÉTTABLAÐIÐ

Mánudagur

27. apríl 2015
97. tölublað 15. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

FRÉTTIR



Ekkert óeðlilegt

Illugi Gunnarsson menntamálaráðherra seldi stjórnarformanni Orku Energy ehf. fyrirtæki og húsnæði sitt við Ránargötu sem hann nú leigir eftir að hann varð ráðherra. Sagði ekkert óeðlilegt við samband sitt við fyrirtækið. **4**


Próa vinnslu birkisafa Skógrækt ríkisins og Foss Distillery vinna saman að því að safna birkisafa til þróunarverkefna. Birkisafa má nýta í sírópsgerð, bakstur, ís, líkjöragerð og kokteila. **2**

Breyta skipulagi fyrir ylströnd Nýr baðstaður nærri Fellabæ á að auka möguleika á afþreyingu á Héraði. Nýta á vatn frá borholum í Urriðavatni fyrir heita potta og ylströnd sem loka á af frá öðrum hluta vatnsins. **6**

Vika bólusetninga Í gær hófst vika sem Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin tileinkar bólusetningum. Hún vill leggja áherslu á að lönd, svæði og þjóðir um allan heim leggi aukinn kraft í bólusetningar og að dreifing þeirra verði réttlátari. **6**



Vilja veggjöld Starfshópur á vegum innanríkisráðuneytisins leggur til að skoða eigi Sundabraut sem framkvæmd sem hægt væri að fjármagna að fullu með veggjöldum. **6**



3 SÉRBLÖÐ

Fasteignir | Fólk



HVER MÍNÚTA SKIPTIR MÁLI Neyðarástand ríkir í Nepal og alþjóðleg björgunarteymi streyma til landsins. Tala látinna er komin yfir 2.500. Gísli Rafn Ólafsson hjálparstarfsmaður hélt frá Íslandi á laugardag, strax eftir fregnir af jarðskjálftanum. „Jarðskjálftar eru alltaf þannig að hver mínúta og hver klukkutími skiptir máli varðandi það að bjarga fólki úr rústum,“ segir Gísli Rafn sem mun vinna að því að tryggja góð fjarskipti á svæðinu. Sjá síðu 8. NORDICPHOTOS/AP

Kæra tíu manns fyrir hatursummæli í garð hinsegin fólks

Hingað og ekki lengra, segir Hilmar Hildarson Magnússon, formaður Samtakanna '78. Samtökin munu í dag kæra tíu manns til lögreglu sem hafa beint meiddandi orðræðu í garð hinsegin fólks á opinberum vettvangi.

SAMFÉLAG Samtökin '78 hafa ákveðið að kæra tíu einstaklinga til lögreglu fyrir hatursummæli sem þau telja refsinsæm. Ummælin sem Samtökin '78 kæra telja þau fela í sér háð, róg og smámun í garð hinsegin fólks vegna kynhneigðar þess og/eda kynvitundar. Munu samtökin leggja kærana fram hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu klukkan 8.30 í dag. „Þeir einstaklingar sem hefur verið ákveðið að kæra hafa kynt undir orðræðu sem við teljum vega gróflega að rétti hinsegin fólks til friðhelgi einkalífs, fjölskyldu og fyllsta jafnréttis. Réttinda sem vernduð eru af stjórnarskrá lýð-

veldisins Íslands og þeim alþjóðlegu sáttmálum sem Ísland er aðili að, þar með talið mannréttindasáttmála Evrópu,“ segir í yfirlýsingu frá stjórninni sem segist harma þá neikvæðu umræðu sem fylgt hefur í kjölfar samþykktar bæjarstjórnar Hafnarfjarðar að því er varðar hinsegin fræðslu í grunnskólum. „Hingað og ekki lengra. Þetta eru skýr skilaboð af okkar hálfu. Það er fjöldi fólks í okkar röðum, hinsegin fólk um allt land, börn þess, fjölskyldur og vinir, sem taka þessari umræðu þungt. Ófögur og andstyggileg orð sem beint hefur verið gegn hinsegin fólki valda því hugar-

angri og vanlíðan og í mörgum tilfellum sári sem illa grær – eða alls ekki,“ segir Hilmar Hildarson Magnússon, formaður Samtakanna '78. Hilmar segir þessa lífsógn sem hatursummælin valda ástæðu þess að stjórnin hafi ákveðið að vandlega ígrunduðu máli í samráði við lögmann samtakanna að kæra ummælin. „Þau eru sett fram á opinberum vettvangi, í formi sem engum rökum eru studd. Jafnræði fólks án tillits til kynhneigðar eða kynvitundar er lögfest grundvallarregla sem byggist á virðingunni fyrir mennskunni,“ segir í yfirlýsinguinni.

Ófögur og andstyggileg orð sem beint hefur verið gegn hinsegin fólki valda því hugarangri og vanlíðan og í mörgum tilfellum sári sem illa grær – eða alls ekki.

Hilmar Hildarson Magnússon, formaður Samtakanna '78



- kbg


Þetta er engin spurning

Viðbótarlífeyrir er nauðsyn

Tryggir þína framtíð

Allianz

VEÐUR



Í dag er útlit fyrir svipað veður og undanfarið, hvassa norðanátt, jafnvel storm austan til á landinu. Þá er áfram útlit fyrir snjókomu og skafrenning norðan til. Sunnanlands verður bjartviðri, en stöku él á höfuðborgarsvæðinu.

SJÁ SÍÐU 14

Talsmaður dýralækna hafnar því að verkföll dýralækna bitni á dýravelferð enda sé hún á ábyrgð eigenda: Lög á verkfallsaðgerðir ekki til umræðu

KJARAMÁL „Það er algert neyðarúrræði eins og ég horfi á hlutina,“ sagði Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra um að setja lögbann á verkfallsaðgerðir sem í gangi eru. „Það hefur aldrei komið til tals í þessum viðræðum sem nú standa yfir,“ sagði Bjarni í útvarpsþættinum Sprengisandi í gær.

Hann sagði að staðan væri mjög snúin þar sem miklar væntingar væru á lofti. Bjarni sagði að finna yrði leiðir til að mæta

kjaravæntingum fólks á sama tíma og halda yrði efnahagslífinu stöðugu.

„Við erum með ramma utan um vinnnumarkaðinn sem gengur ekki upp,“ sagði hann. „Þetta fyrirkomulag, að smáir hópar geti tekið litlar stofnanir í gíslingu til að knýja fram niðurstöðu í sínum kjaraviðræðum, getur sett vinnnumarkaðinn í uppnám sem leiðir yfir þjóðfélagið síðan verðbólgu,“ sagði Bjarni sem vill breyta fyrirkomulagi kjaramála.



BJARNI BENEDIKTSSON

séu á kostnað dýravelferðar. „Það er eitthvað sem dýralækn-

ar vilja vísa til föðurrúsanna. Samkvæmt lögum er það dýraeigandi eða sá sem heldur dýr sem ber ábyrgð á velferð sinna dýra. Dýralæknar eru opinberir starfsmenn og okkur er mjög í mun að dýravelferð verði ekki undir í þessari kjarabaráttu. En auðvitað er það svo að ef það koma inn tilkynningar þar sem bændur hafa virkilega áhyggjur þá eru öll þau mál skoðuð,“ sagði Charlotta.

- lb / srs



ALLT Í ÖSKU Meira en 6.500 manns hafa þurft að yfirgefa heimili sín í Síle vegna goss í eldfjallinu Calbuco. NORDICPHOTOS/AFP

Margir eiga erfitt vegna gríðarlegs öskufalls í Síle:

Allt í ösku í Síle vegna Calbuco

SÍLE Gloría Villaroel, 42 ára, sést hér halda fyrir vit sín vegna öskufalls í bænum La Ensanda í Síle. Tvær miklar sprengingar urðu í eldfjallinu Calbuco, sú fyrri seinnipart miðvikudags en sú seinni snemma á fimmtudag.

Michelle Bastellet, forseti Síle, lýsti yfir neyðarástandi og nú hafa meira en 6.500 manns þurft að yfirgefa heimili sín. Mikið öskufall hefur orðið í suðurlhluta Síle. Alls eru 90 virk eldfjöll í Síle og eldgos nokkuð algeng. Síðast gaus í Calbuco árið 1972 en það var litíð gos. Stærri gos varð í því árið 1961, en alls hefur fjallið gosið tíu sinnum frá árinu 1837. - fbj

Óeirðir í höfuðborg Búrúndí:

Lögregla skaut mótmælendur

BÚRÚNDÍ Tveir létu lífið í átökum við lögreglu í mótmælum í Bujumbura, höfuðborg Búrúndí, í gær.

Þúsundir andstæðinga forseta landsins, Pierres Nkurunziza, héldu fjöldamótmæli í borginni þrátt fyrir bann við fjöldsamkomum. Lögregla skaut á mótmælendur auk þess sem hún beitti tárágasi og sprautaði vatni til að dreifa mótmælendum.

Nkurunziza hefur verið forseti í tvö kjörtímabil nú þegar. - srs

Fjórtán metnir vanhæfir:

Einum vikið úr stjórn af FME

FJÁRMÁL Í síðasta vefriti FME kemur fram að stjórn eftirlitsins hefur metið störf 14 stjórnarmanna í stjórnnum fyrirtækja ófullnægjandi og vikið einum stjórnarmanni úr stjórn vegna vanhæfis. Á tímabilinu 2010 til 2014 hafa 194 stjórnarmenn farið í viðtal hjá ráðgjafarnefndinni. Af þeim reyndist þekking 180 stjórnarmanna fullnægjandi og þekking 14 ófullnægjandi. Reynist þekking ófullnægjandi er algengast að viðkomandi segi sig úr stjórn eftirlitskylds aðila að eigin frumkvæði. - kbg

Prófa fyrir sér með vinnslu á birkisafa

Skógrækt ríkisins og Foss Distillery vinna saman að því að safna birkisafa til þróunarverkefna. Birkisafa má nýta í sírópsgerð, bakstur, ís, líkjöragerð auk þess sem hann er að verða vinsælt hráefni í kokteila. Söfnunin er best á þessum árstíma.

UMHVERFISMÁL Tekið er að bruma í Vaglaskógi og sætur birkisafinn er því farinn að fljóta.

Starfsstöð Skógræktar ríkisins á Akureyri í samstarfi við fyrirtækið Foss Distillery safnar nú birkisafa úr birkitrjám í Vaglaskógi til að nýta í ýmis þróunarverkefni.

Verkefnið hefur staðið yfir síðan í fyrravor en í Vaglaskógi hefur verið komið upp aftöppunarbúnaði á 41 tré. Birkisafann má nýta í ýmislegt, en Foss Distillery, nýtir hann til að blanda birkilíkjör. Þá er safinn, sem inniheldur 1 til 2 prósent sykurl, tilvalinn í sírópsgerð, ísgerð og bakstur.

Benjamín Örn Davíðsson, aðstoðarskógarvörður í Vaglaskógi, var við aftöppun á trjámum í fyrradag en þá söfnuðust um 30 lítrar. „Það er á þessum árstíma þegar trén eru að vakna úr dvala og draga í sig vatn úr jörðinni sem best er að safna birkisafanum,“ segir Benjamín. „Það er auðvitað algengt um heim allan að sækja vökva í hlyn og birki en þetta er alveg nýtt hér á Íslandi. Þetta opnar augu manns fyrir ýmsum möguleikum,“ segir Benjamín sem segir að safann mætti nýta vel ef fundinn er fyrir hann góður markaður.

Jakob Bjarnason, framkvæmdastjóri Foss Distillery, hefur um nokkurt skeið unnið þróunarvinnu með birkisafa. „Búið er til síróp úr safanum sem við nýtum síðan í líkjöra sem við köllum Björk og Birki. Salan á þeim gengur afar vel og ferðamenn hafa mikinn áhuga á þessu. Það er líka mikil nýlunda að nota þetta í kokteilagerð,“ segir Jakob.

Benjamín segir að hver sem er geti í raun safnað birkisafa en vanda þarf til verka við að safna honum. Tréð sem safnað er úr þarf að vera stórt og hraustlegt með góða krónu. Þá þarf að bora litla holu og koma fyrir slöngu til að safna safanum. Þegar vatnsupptaka á sér stað í trénu ætti vökvinn að seytle inn í slönguna. Það verður að nota ekki sama tré mörg sumur í röð. „Ég var sjálfur að prófa að sjóða síróp,“ segir Benjamín, en hægt er að sjóða safann í um þrjú tíma til að úr verði ljúffengt síróp.

Vonast er til að safamagnið aukist til muna þegar trén taka að springa út. Þá er engin reynsla komin á hvenær skal hefja safatöku og hvaða tré skuli velja en ekki virðist vera hægt að áætla hvaða þættir hafi áhrif á safamagnið sem hvert tré framleiðir daglega. stefanraf@frettabladid.is



SAFANUM SAFNAÐ Benjamín hefur komið fyrir aftöppunarbúnaði á 41 tré í Vaglaskógi. MYND/PÉTUR HALLDÖRSSON

➔ Birkisafinn er talinn mjög hollur. Hann má drekka beint eða kældan úr ísskáp. Sumir nota birkisafa við ísgerð, ölgerð eða ýmsa matargerð og brauð sem birkisafi er notaður í eru sögð lyfta sér sérlega vel.

Par sem ferðalagið byrjar

Korputorg
112 Reykjavík
Sími 551 5600
utilegumadurinn.is

Útilegu maðurinn
SEGLAGERÐIN ÆGIR

Opið mán-fös kl. 10-18 - lau-sun kl. 12-16

Leggja fram frumvarp um samfélagsþjónustu ungra brotamanna:

Uppeldislegt gildi í refsingum

STJÓRNMÁL Fimm þingmenn Samfylkingarinnar, með Helga Hjörvar í fararbroddi, hafa lagt fram frumvarp um breytingu á almennum hegningarlögum sem veita mun dómurum heimild til að dæma unga afbrotamenn til samfélagsþjónustu. Mun ákvæðið ná til afbrotamanna á aldrinum 15-21 árs og taka til skilorðsbundinna dóma.

Þingmönnum finnst vanta úrræði sem er nokkurs konar millistig á milli skilorðsbundinna dóma í upphafi brotaferils og óskilorðsbundinnar fangelsisrefsingar á síðari stigum.

Samfélagsþjónusta felur í sér ólaunað starf í þágu samfélagsins, svo sem líknar- eða félagsstarf ýmiss konar, sem er unnið utan vinnutíma. Þetta úrræði er afar sjaldan nýtt hér á landi þegar kemur að ungum brotamönnum. Það er vegna þess að samfélagsþjónusta kemur einungis til skoðunar í tilvikum óskilorðsbundinna dóma.

Þingmennirnir fimm telja úrræðið fela í sér verulegt uppeldislegt gildi og það er von þeirra að það dragi úr líkum á því að umrædd ungmenningur leiðist á braut frekari afbrota. - kbg



TÆKIFÆRI Helgi Hjörvar er einn þeirra þingmanna Samfylkingarinnar sem leggja til breytingar á hegningarlögum í því skyni að gefa ungu fólki tækifæri til að rata rétta leið í lífinu. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL



G-TEC FYRIR NÁTTÚRUNA OG VESKIÐ

ŠKODA Octavia G-TEC verð frá 3.420.000 kr.
Útborgun frá aðeins 342.000 kr.



Pú kemst lengra en borgar minna

Ef skynsemin réði værum við öll á ŠKODA Octavia G-TEC. Í honum samtvinnast fegurð, kraftur og virðing fyrir umhverfinu. G-TEC sameinar kosti metans og bensíns; þú nýtir íslenska orku og lækkar eldsneytiskostnað um allt að 35%. Með tvo metantanka og einn 50 lítra bensíntank kemstu 1.330 km án þess að fylla á og svo færðu líka frítt í stæði. Komdu og reynsluaktu ŠKODA Octavia G-TEC.



HEKLA og Lykill gera þér kleift að eignast nýjan ŠKODA á þægilegan máta. Útborgun er að lágmarki 10% af verði bílsins og Lykill lánar þér afganginn til allt að sjö ára. Lánslutfall ræðst af lánshæfis- og/eða greiðslumati hvers umsækjanda og getur hæst orðið 90%. Skytt er að kaskótryggja bifreiðina á lánstímanum.

SPURNING DAGSINS



Bjarnlaug, hefur verið gestkvæmt hjá ykkur um helgina?

„Já, við Ingi Gests tökum alltaf á móti gestum.“

Héraðsdómur Reykjavíkur komst á fimmtudaginn að þeirri niðurstöðu að mannanafnanefnd væri óheimilt að banna foreldrum að skíra barnið sitt Gests að millinafni en foreldrar Inga Gests Guðjónssonar sóttu um heimild til þess að nota millinafnið en nefndin hafnaði beiðni þeirra í ágúst 2013.

Arndís Björg Sigurgeirsdóttir hjá Villiköttum telur ketti út undan í dýraverndunarlögum:

Telur villikettina hlunnfarna í lögum

DÝR „Dýraverndarlögín eru í grunninn góð,“ segir Arndís Björg Sigurgeirsdóttir, hjá dýraverndunarfélaginu Villiköttum.

„Þar er margt vel unnið eins og með hesta og önnur húsdýr en þar er ekkert fjallað um villiketti,“ segir Arndís sem bendir á að velferð villikatta hafi itrek að verið skilin út undan.

Fréttablaðið fjallaði á föstudag um álit heilbrigðiseftirlitsins þess efnis að Hafnarfjarð-

arbæ væri ráðið frá því að gelda villiketti í bænum.

Arndís undrast þessi vinnubrögð. „Mér þykir það mjög undarlegt að gefa út svona yfirlýsingu án þess að ráðfæra sig við stjórn okkar,“ segir hún. Hún segir að í raun séu fáir kostir í boði til að eiga við villiketti. Ef ekki eigi að láta þá í friði eða lóga þeim sé það langmannúlegasta aðferðin að gelda þá.

Dýraverndunarfélagið Villikettir hefur lagt mikla vinnu í

að hafa uppi á köttum og koma þeim á geldingu og koma mun-aðarlausum kettlingum fyrir á heimilum en í félaginu eru um 40 sjálfbóðaliðar.

Hafnarfjarðarbær leitaði álits vegna beiðni Villikatta um að bærinn tæki upp stefnu félagsins. Í umsögn frá Kattavinafélagi Íslands kemur meðal annars fram stuðningur við stefnu Villikatta þar sem félagið stuðli að velferð katta.

- srs



STUÐLA AÐ VELFERÐ Arndís segir fáa kosti í boði þegar kemur að velferð villikatta. FRÉTTABLAÐIÐ/EINAR ÓLASON



RAUÐUR HVER Listamaðurinn greiðir ekki sektina. MYND/ MARCO EVARISTTI

Gert að greiða 100 þúsund: Listamaðurinn frjáls ferða sinna

LÖGREGLUMÁL Marco Evaristti, listamaðurinn sem á föstudag hellti rauðu litarefni út í hverinn Strokk og var sektaður um 100 þúsund krónur, er frjáls ferða sinna og heimil brottför af landinu, hvort sem hann greiðir sektina eður ei. Þetta kemur fram á Facebook-síðu lögreglunnar á Suðurlandi.

Evaristti sagðist ekki ætla að gangast við sektinni heldur fara með málið fyrir dómstóla. Hann tjáði lögreglu að um listgjörning hefði verið að ræða. Þá sagðist hann hafa gætt þess að ekki hlytist varanlegt tjón af verknaðinum og bendir skoðun lögreglu á vettvangi til þess að þetta sé að minnsta kosti að einhverju leyti rétt. Lítil sem engin ummerki sjást á eða við hverinn. - skh

Verkfalli frestað aftur:

Aðilar nærri samkomulagi

KJARADEILUR AFL Starfsgreinafélag hefur frestað fyrirhuguðu verkfalli, sem hefjast átti á morgun, um þrettán daga þar sem markverður árangur hefur náðst í framvindu kjarasamningsviðræðna.

Starfsgreinafélagið, SA og Alcoa Fjarðaál skrifuðu undir samkomulag sem tryggir sambærileg laun hjá undirverktökum í álverinu og starfsmönnum Alcoa.

Markmið Starfsgreinafélagsins var meðal annars að ná fram samræmi í launum starfsmanna á álverssvæðinu. - sa

Sagði ekkert óeðlilegt við samband sitt við Orku Energy

Illugi Gunnarsson seldi stjórnarformanni Orku Energy ehf. fyrirtæki og húsnæði sitt við Ránargötu sem hann nú leigir eftir að hann varð ráðherra. Illugi vann áður ráðgjafarstörf fyrir OE vegna umsvifa þess í Asíu.

STJÓRN MÁL Illugi Gunnarsson, menntamálaráðherra, leigir íbúð sína við Ránargötu af Herði Harðarsyni, stjórnarformanni Orku Energy ehf. Þá seldi Illugi fyrirtækinu OG Capital íbúðina eftir að hafa tekið sæti sem menntamálaráðherra.

Salan á íbúðinni fór fram eftir að Illugi var viðstaddur undirritun samnings milli Orku Energy og sveitarstjórnar Xianyang-héraðs á Hilton hotel í Reykjavík í desember 2013.

OG Capital var í eigu Illuga árin 2011 og 2012 en er nú í eigu Hauks Harðarsonar, stjórnarformanns Orku Energy. Illugi vann ráðgjafarstörf fyrir Orku Energy á meðan hann var í leyfi frá þingstörfum en þeim störfum lauk árið 2012. Hlutverk Illuga var að koma fyrirtækinu í samband við fjárfesta í Suðaustur-Asíu.

Samkvæmt fasteignaskrá ríkisins var íbúð Illuga keypt 27. júlí 2014 en afhendingarsetning var nokkrum mánuðum áður, þann 31. desember 2013.

Skömmu fyrir afhendingardaginn hafði Illugi verið viðstaddur undirritun samkomulags á milli Orku Energy og Xianyang-héraðs á Íslandi.

Íbúðin, sem Illugi leigir núna af Herði, er 137 fermetrar og var keypt á 53,5 milljónir króna samkvæmt ársreikningi OG Capital. Samkvæmt ársreikningnum kemur einnig fram að félagið hafi tekið yfir lán að verðmæti 34,5 milljónir króna og tekið nýtt lán upp á 28 milljónir. Kaupin á íbúð Illuga virðast hafa verið einu umsvif fyrirtækisins á undanförnum árum.

Svandís Svavarsdóttir vakti máls á þessu á Alþingi þann 13 apríl. Í fyrirspurn hennar til Illuga spurði hún út í breytingar á frétt á vefsíðu menntamálaráðuneytisins um ferðalag sendinefndar ráðuneytisins til Kína og hvers eðlis vinna Illuga fyrir Orku Energy var.

Í svari Illuga kom fram að breytingin væri gerð til að fyrirbyggja þann misskilning að fulltrúar fyrirtækjanna tveggja Orku Energy og Marel hefðu verið partur af sendinefnd ráðuneytisins heldur þegar stödd í Kína. Í svari sínu um Orku Energy sagði Illugi að honum bæri í raun ekki að tilkynna um störf sín hjá fyrirtækinu en að hann hafi starfað við að koma fyrirtækinu í tengsl við fjárfesta í Singapúr. Þá segir Illugi ekkert óeðlilegt að fyrirtækin kæmu með á fundinn þar sem burðarás samskipta Íslands og Kína á sviðum orkuvísinda liggja í gegnum þessi fyrirtæki.

stefnanrafni@frettabladid.is



ILLUGI GUNNARSSON



RÁNARGATA Illugi Gunnarsson menntamálaráðherra segir að hann hafi staðið fyrir þeim valkosti að missa húsið eða selja það. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

FERILL MÁLSINS

2007-2012		2008 október		2010-2012		2014 júlí	
Illugi á félag sem heitir OG Capital.		Illugi lendir í fjárhagsvand-ræðum.		Illugi er í leyfi frá þingstörfum og sinnir ráðgjafarstörfum fyrir Orku Energy.		Illugi gerir kaup-samning við OG Capital.	
2007	2009	2011	2013	2015			
2013 maí	2013 des.	2013	2013 31. des.	2015 mars			
Alþingis-kosning- og Illugi verður ráð-herra.	Illugi er viðstaddur undirritun á samningum OE og yfirvalda í Xianyang-héraði í Reykjavík.	Illugi selur Herði OG Capital.	Illugi selur OG Capital íbúð sína og byrjar að leigja hana.	Illugi fer í opinbera ferð til Kína þar sem hann fundar meðal annars með Orku Energy.			

Stofnaði nýtt ríki á sjö ferkílómetra landsvæði á milli Króatíu og Serbíu: Shangri-La frjálshyggjumanna

LIBERLAND Tékkneski stjórnma-laðurinn Vit Jedlicka hefur bæst í hóp evrópskra þjóðarleiðtoga. Þó er líklega ekki við hæfi að kalla hann tékkneskan þar sem hann hefur stofnað nýtt ríki á landamærum Króatíu og Serbíu. Ríkið, sem hann kallar Liberland, er á sjö ferkílómetra skika sem er umdeilt landsvæði á milli nágrennaríkjanna tveggja.

Markmið Jedlicka er að búa til pólitískan tilraunavettvang en hann vill að Liberland verði fyrirmyndarríki frjálshyggju-manna, þar verði greiðsla á sköttum valfrjáls og bannað er að hafa tekið þátt í hreyfingu nasista eða kommúnista. Jedlicka segir í samtali við The Guardian að fyrirmyndarþegn Liberland yrði eflaust Thomas Jefferson ef hann væri á lífi í dag.



VIT JEDLICKA Engir öfgamenn fá ríkisborgara-rétt. MICHAL CIZEK / AFP

Þegar Jedlicka lýsti yfir stofnun ríkisins á mánudaginn voru þegnarnir bara þrír en fólk er frjálst að sækja um ríkisborgara-rétt. Síðan þá hafa um 200 þús- und einstaklingar sótt um ríkisborgara-rétt í ríkinu. Margir nýju þegnanna eru tilbúnir að bjóða fram aðstoð sína en að sögn Jed- licka hafa þeir boðist til að knýja ríkið með sólarorku, slá nýja mynt, útbúa deiluskipulag fyrir höfuðborgina og fleira. „Fólk er tilbúið að fjárfesta í þessu verk- efni, það lítur út eins og draumar séu að rætast,“ sagði hann. - srs



KRÓNAN

Veldu einhverja 10 ávexti á ávaxtamarkaði Krónunnar og þú borgar...



AÐEINS 40 kr. STYKKIÐ ef keypt eru 10 stk.

- annars 50 kr. stk.

PEUGEOT 2008

SJÁÐU UMHVERFIÐ Í NÝJU LJÓSI



NÚ FÁANLEGUR MEÐ
5 ÁRA
ÁBYRGÐ*

Mjaldin sýnir Peugeot 2008 í Allure útfærslu. *Viðbótarábyrgð Peugeot, SAFE +3

Eldsneytiseyðsla í blönduðum akstri frá **3,8** til **4,9L/100km** og CO₂ útblástur (g/km) frá **98** til **114**.

PEUGEOT 2008 KOSTAR FRÁ KR. 3.130.000 - TIL AFGREIÐSLU STRAX

MOTION & EMOTION



PEUGEOT



Bernhard ehf • Vatnagörðum 24 - 26 • Sími 520 1100 • www.bernhard.is

Umboðsaðilar: Reykjanesbæ, Bernhard, sími 421 7800 • Akranesi, Bílver, sími 431 1985 Akureyri, Höldur, sími 461 6020 • Vestmannaeyjum, Bragginn, sími 481 1535



Pú finnur okkur á Facebook

facebook.com/PeugeotIceland

Sumarið er tíminn

Græjaðu þig upp með vatnsheldum hjólatöskum og bakpokum frá:

ORTLIEB

WATERPROOF



Commuter-Bag
Urban Line
Hjólataska - 14 lítra
Kr. 28.900,-



Back-Roller Classic
Hjólatöskur - 2x20 lítra
Kr. 22.900,-

Packman Pro2
Bakpoki - 20 lítra
Kr. 23.800,-



Back-Roller
Urban Line
Hjólataska - 20 lítra
Kr. 14.900,-



Velocity
Bakpoki - 20 lítra
Kr. 18.900,-



Söluaðilar:

Byko
Heimkaup
Hirzlan
Kría hjól
Markið
Reiðhjólaverzlunin Berlín
Skíðapjónustan Akureyri
Útilíf, Glæsibæ og Smáralind



Downtown
Hjólataska - 18 lítra
Kr. 23.900,-



Bike-Shopper
Hjólataska - 20 lítra
Kr. 16.600,-



Ultimate6 Classic
Stýristaska - 7 lítra
Kr. 14.900,-

Allar vörur ORTLIEB eru 100% ryk- og vatnsheldar með 5 ára ábyrgð

FJALLI.IS

Smiðsbúð 6 210 Garðabær
S: 564-5040 www.fjalli.is

JARÐSKJÁLFTAR Í NEPAL

Eyðilegging, sorg og ótti í Nepal

Neyðarástand ríkir í Nepal og alþjóðleg björgunarteymi streyma til landsins. Tala látinna er komin yfir 2.500 og talið er víst að hún eigi enn eftir að hækka. Ennþá er leitað að fólki í rústum. Öflugir eftirskjálftar valda ótta og fólk sefur undir berum himni. Gísli Rafn Ólafsson hélt strax áleiðis til Nepal til hjálparstarfa. Hann mun vinna að því að tryggja góð fjarskipti á svæðinu en segir aðstæður erfiðar.



Kristjana Björg Guðbrandsdóttir
kristjanabjorg@frettabladid.is

NEPAL Alþjóðleg björgunarteymi streyma nú til Nepal og svæða sem urðu illa úti í skjálftanum sem reið yfir aðfaranótt laugardags. Tala látinna er komin yfir 2.500, þar af létust 700 í Katmandú, höfuðborg Nepal.

Hundruð þúsunda eyddu nóttinni undir berum himni af ótta við eftirskjálfta. Einn þeirra sem reið yfir í gær mældist 6,7 að stærð. Miklar rigningar hafa gert fólki enn erfiðara fyrir. Talið er víst að tala látinna eigi eftir að hækka. Margir eru slasaðir og í brýnni þörf fyrir læknaaðstoð. Einnig er skortur á öllum helstu nauðsynjum, matvællum, aðgangi að hreinu vatni og skjóli.

Nepölsk stjórnvöld hafa lýst yfir neyðarástandi á þeim svæðum sem urðu verst úti og hafa óskað eftir aðstoð frá alþjóðasamfélaginu.

Gísli Rafn Ólafsson hjálp-
arstarfsmaður
flaug frá Íslandi

á laugardag, strax eftir að fregnir bárust af jarðskjálftanum. Hann var staddur í Dúbaí í gær þar sem hann beið eftir flugi til Katmandú í morgun. „Jarðskjálftar eru alltaf þannig að hver mínúta og hver klukkutími skiptir máli varðandi það að bjarga fólki úr rústum. Okkar hlutverk verður að tryggja góð fjarskipti á svæðinu, það er lykilatriði til þess að samhæfa björgunaraðgerðir,“ segir Gísli Rafn sem hefur mikla reynslu af björgunaraðgerðum eftir jarðskjálfta og náttúruhamfarir. Þetta er fjórði stóri jarðskjálftinn þar sem hann hefur hjálpað á vettvangi og mikið verk bíður hans því rafmagns- og farsimakerfi liggja niðri á mörgum svæðum.

Hann notaði tímann meðan hann beið eftir fluginu til Katmandú til að undirbúa sig andlega undir starfið. „Það er alltaf erfiðt að koma á staði þar sem er mikið af fólki sem á um sárt að binda. En að gera gagn þar sem fólk þarf hjálp, það drífur mann áfram.“

Hann segir erfiðt verkefni fram undan og býst við slæmum aðstæðum. „Þetta eru mörg lítil þorp sem liggja í dölum í fjallandi. Þorpin eru í rúst og vegir eru farnir í



EYÐILEGGING OG EFTIRSKJÁLFTAR Enn er leitað að fólki í rústum í Nepal og skortur er á læknum og hjálpargögnum. Eftirskjálftar eru stórir. Kröftugur skjálfti reið yfir í gærmorgun og fólk er óttaslegið vegna þeirra og kys að sofa undir berum himni.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

sundur, bæði vegna jarðskjálftans og vegna skriðufalla. Það verður mjög erfiðt að koma hjálpargögnum og björgunarsveitum á vettvang.“

Fjölmargar hjálparstofnanir hafa svarað kallinu og hafið neyðarsöfnun fyrir íbúa í Nepal, meðal annars Rauði krossinn og UNICEF. Að minnsta kosti 940 þúsund börn á verst leiknu svæðunum eftir jarðskjálftann í Nepal þurfa á brýnni aðstoð að halda samkvæmt UNICEF, Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna.

Jón Brynjar Birgisson er sviðsstjóri alþjóðlegra björgunaraðgerða hjá Rauða krossinum og hefur fundað um næstu skref hér á landi en fyrir liggur að verða við alþjóðlegri hjálparbeiðni. Um tvö hundruð Íslendingar eru þjálfaðir sendifulltrúar Rauða Krossins, flestir úr heilbrigðisgeiranum. „Við munum leggja til starfsfólk í neyðarsveitirnar. Við munum líklega senda um þrjátíu fulltrúa. Það er mikið verk fram undan, nú einbeittum við okkur að aðhlýningu slasaðra, því að dreifa hjálpargögnum og veita áfallahjálp, svo á eftir fer samfélagsleg uppbygging og aðstoð. Þetta mun taka tíma.“

BÖRN MARGRÉTAR SVÁFU UNDIR BERUM HIMNI

Margrét Ingadóttir sem rekur heimili fyrir tólf munaðarlaus börn í Katmandú í Nepal hefur miklar áhyggjur af líðan og öryggi þeirra. Í nótt sváfu þau flest undir berum himni skammt frá heimilinu og veðurspáin var afleit, þrumuveður og rigning. Yngsta barnið sem hún hefur á framfæri sínu er tveggja ára og það elsta sautján ára. Hún segir börnin ekki þora að vera í húsinu. „Allra minnstu börnin eru í tjaldi og í svefnpoka en hin sofa undir berum himni en með sængurnar sínar. Það er spáð þrumuveðri. Það er svo erfiðt að hugsa til þess að þau þurfi að sofa úti. Það er kalt og erfiðt að vera úti, en fólk vill ekki vera inni. Það er enn hætta á stórum skjálfta. Það hafa orðið skemmdir á húsinu og það er ekki öruggt að dvelja í því.“

Rafmagnslaust og símasambandslaust varð víða í Nepal í kjölfar skjálftans og segir Margrét að nokkrar klukkustundir hafi liðið frá því skjálftinn reið yfir og þar til hún náði í Baal, sem er þabinn á heimilinu.

„Börnin voru öll heima því það var laugardagur og enginn skóli. Þau hlupu öll út þegar jarðskjálftinn reið yfir. Ég var fegin að heyra frá þeim og heyrði í þeim aftur síðdegis, þá höfðu þau fengið rafmagn á heimilið og



MARGRÉT OG BÖRNIN Hér er Margrét með nokkrum barnanna á heimilinu.

hafði tekist að fylla á vatnsflöskur og hlaða símana sína. Þau eru með nógvatn og mat en það væri óskandi að það væru fleiri tjöld og svefnpokar.“ Segir Margrét og segist reyna öll ráð til að komast til þeirra en hún er stödd í Sádi-Arabíu. „Ég hef verið að reyna að komast til þeirra og er komin með flugmiða, en það er lokað fyrir allt farþegaflug sem stendur. Það verða send hjálpargögn frá Sádi-Arabíu, ég skoðaði hvort ég kæmist með gögn-

unum til Nepal en það er útilokað. Hún hugar sig við það að foreldrarinn sem hún hefur ráðið til að annast börnin séu hæfir til starfsins. „Ég veit að þetta er erfiðt, en ég veit líka að fólk þarna um slóðir er sterkt eftir röð áfalla, þau hafa lifað af borgarastyrjöld. Börnin á heimilinu hafa líka gengið í gegnum ýmislegt. Ég vildi að ég kæmist núna strax til að vera með börnunum og fjölskyldunni en eins og er þá er það ekki mögulegt.“

NÁTTBLINDA



BELLAVISTA náttúrulegt efni fyrir augun, ríkt af lúteini og bláberjum

www.gengurvel.is

Fæst í apóteku, heilsuþöðum og stórmörkuðum

SVONA FUNDU ÍSLENSKIR FORELDRAR SON SINN

„Þetta hefur verið áhugaverður dagur, og sönnun þess hve mikils samfélagsmiðlarnir eru megnugir. Um leið og ég steig fram úr rúminu titraði síminn. Áriðandi fréttir CNN, jarðskjálfti upp á 7,5 stig í Nepal. Nepal. Hjartað missti úr slag um stund. Sonur minn er í Nepal í gönguferð með vinum sínum.“ Svona hefst frásögn Hjartar Smárasonar fadír Antoníusar Smára, tvítugs göngugarps sem blessunarlega er heill á húfi í Pokhar í Nepal.

- Hjörtur notaði samfélagsmiðla og leitarvélur til að finna son sinn og lýsti reynslu sinni af leitinni á Facebook. Hér á eftir er gerð grein fyrir leit Hjartar og Ingu Rósar eiginkonu hans að Antoníusi.
- Eftir að hafa leitað frekari fréttu á CNN án árangurs fór Hjörtur á vefsíðu USGS (vefsíða sem bandarísk stjórnvöld halda úti með nákvæmum upplýsingum um jarðskjálfta víða um heim) til að fá nákvæmari upplýsingar um upptök skjálftans. Hann tók niður hnitin og færði inn í Google kort til að fá nákvæmar staðsetningar og skoðaði síðustu vefpósta frá syni sínum með ferðaáætlunum hans og bar saman við þær.
- Niðurstöðurnar vöktu með honum ugg. Sonur hans og göngufélagar áttu að vera í Ghandruk, sem er aðeins 80 kílómetrum frá upptökum skjálftans.
- Næst fór Hjörtur á Twitter til að leita fréttu. Þær komu smám saman, flestar frá Katmandú, sem er



HJÖRTUR SMÁRASON

í svipaðri fjarlægð frá upptökum skjálftans og Ghandruk. Nema í hina áttina.

- Hjörtur leitaði fréttu með því að nota kassamerkin, #nepal eða #nepalquake. Til að fá nákvæmari upplýsingar notaði hann einnig kassamerkin #pokhara og #gandruk.
- Í margar klukkustundir var ekki eitt einasta tíst frá #gandruk og mjög lítið frá #pokhara nema nokkrar myndir af hrundum húsum. Það lofaði ekki góðu.
- Hjörtur hélt í vonina því að jarðskjálftinn varð um hádegisbil í Ghandruk, og samkvæmt ferðaáætluninni hefði sonur hans átt að vera úti á göngu, öruggasti staðurinn að vera á þegar jarðskjálfti ríður yfir er á víðavangi.
- Hann vissi að það væri líklega ekkert farsímasamband og jafnvel ekkert rafmagn. Nokkuð sem kom í ljós síðar að var rétt. Hann hafði samband við utanríkisráðuneytið sem ræsti sendiráðið í Delhi og reyndi að komast í samband við konsúlinn í Katmandú.
- Hann fann nokkrar áreiðanlegar heimildir um staðsetningu í Katmandú og stillti af Twitter-reikning sinn þannig að hann fékk tilkynningu í hvert skipti

sem einhver setti inn færslu með kassamerkjum sem hann vaktaði. Dagurinn leið og fréttirnar sem gögnumiðst honum fékk hann frá Twitter og samfélagsmiðlum frekar en fjölmiðlum.

- „Konan mín setti inn athugasemd við mynd af syni mínum með þremur göngufélagum hans sem var tekin í upphafi ferðarinnar og setti á Facebook. Þar það hún þá um að setja inn athugasemd ef þeir kæmst í netsamband. Það varð raunin. Um leið og gönguteymið komast á hótelið í Pokhara, komst ein stúlkan á netið, fékk tilkynninguna og setti athugasemd við myndina. Innan tíu mínútna hafði vitneskjan borist til allrar fjölskyldunnar og fjölskyldu vina hans, utanríkisráðuneytisins og íslensku fjölmiðlanna. Þetta er máttur samfélagsmiðlanna,“ sagði Hjörtur.
- Enginn úr teyminu meiddist. Einhverjir leiðsögmanna þeirra misstu heimili sín en enginn þeirra var meiddur. Hjörtur segir miklu máli hafa skipt að hafa ferðaáætlun sonar síns undir höndum.
- „Jafnvel þótt við séum meira spennat en áhyggjufull yfir ferðalagi sonar okkar, þá báðum við hann um að senda okkur ferðaáætlun sína og síma og netföng foreldra vina hans. Bara ef eitthvað skyldi koma upp á og við þyrftum að ná í hann. Þetta, ásamt Twitter, Google-kortum og Facebook hjálpaði mjög mikið í dag.“


HOLLARI SKÓLAJÓGÚRT



Skólajógúrt er nú **sykurminni** og uppfyllir viðmið Skráargatsins um syurmagn í jógúrt. Jógúrtin er afar **kalkrik**, inniheldur **trefjar** og fæst í fjórum bragðtegundum.

Hrein Skólajógúrt er góður valkostur fyrir þá sem vilja **engan viðbættan sykur**. Hana má bragðbæta með t.d. ávöxtum eða musli.

Veldu það sem hentar fjölskyldu þinni.



Ráðning nýs óperustjóra fór fram fyrir luktum dyrum:

Undrun íslenska óperuheimsins

Undrun óperusöngvarans er engu lík. Hvort sem mót-söngvarinn leggur til hans með spjóti eða sviptir hulunnar af leyndardómum ástarinnar þá galopnast andlitið og viðkomandi brestur í söng. Dásamlegan, hljómfagran og fallegan söng. Maður getur því rétt ímyndað sér undrun íslenska óperuheimsins þegar tilkynnt var um nýjan óperustjóra í liðinni viku. Ekki sökum þess að það væri eitthvert undrunarefni að Steinunn Birna Ragnarsdóttir teldist

hæf til verksins. Þvert á móti. Heldur sökum þess að stjórn Íslensku óperunnar sá ekki ástæðu til þess að ræða við aðra umsækjendur. Ekki einn einasta. Alveg er það furðulegt.

Óperan er merkilegt listform. Einstakur samruni tónlistar, skáldskapar og leiklistar á einni senu og oft á tíðum mikið sjónarspil. Af því leiðir að bakgrunnur umsækjenda getur verið nokkuð ólíkur og fjölbreyttur. Viðkomandi gæti átt rætur sínar í leikhúsinu eins og fráfaramandi óperustjóri eða úr tónlistarheiminum eins og nýráðinn óperustjóri eða jafnvel úr óperuheiminum. Það skiptir ekki öllu máli.

Það sem skiptir máli er að stjórn Íslensku óperunnar leggi sig fram um að finna hæfasta umsækjandann. Sú leið að vísa þessari vinnu frá stjórninni til ráðningarskrifstofu er nánast yfirlýsing um vanhæfni. Yfirlýsing um að stjórnin treysti öðrum betur en sér til þess að vinna eitt mikilvægasta verkefni stjórnarinnar.

Það má gefa sér það að ráðningarskrifstofan hafi fengið skýr fyrirmæli um hvaða kostum væri leitað að í ferlinu. Það hlýtur að hafa verið nákvæm skilgreining hjá stjórninni fyrst hún sá ekki ástæðu til þess að hitta aðra umsækjendur. Stjórnin fékk þannig sinn óperustjóra með lágmarks fyrirhöfn.

En hvað fékk stjórnin ekki? Það er öllu verra. Með því að hitta ekki aðra umsækjendur fékk stjórn Íslensku óperunnar ekki tækifæri til þess að heyra hugmyndir og framtíðarsýn fjölda hæfra einstaklinga. Hugmyndir sem eru kannski betri og kannski verri en stjórnin hafði fyrir. Hugmyndir sem eru kannski meira spennandi en þær sem stjórn Íslensku óperunnar hefur mótað og tókst líklega að koma svona vel frá sér til ráðningarstofunnar góðu.

Íslenska óperan er rekin fyrir almannafé. Hún er reyndar sjálfseignarstofnun og lýtur því ekki stjórnsýslulögum. Stjórnin getur því valið að fara þá leið að hafa leynd yfir ráðningarferlinu. Sleppt því að láta almenning vita hvaða fólk kom til greina og klárað málið eins og hún taldi best. En það breytir engu um það hvaðan peningarnir koma og þeir koma frá almenningi.

Þess vegna á stjórn Íslensku óperunnar að sjá sóma sinn í því að hafa ferlið opið, gagnsætt og hafið yfir allan grun um vinavæðingu. Annað er óásættanlegt. Óásættanlegt fyrir þá sem fengu ekki starfið og væntanlega óásættanlegt fyrir óperustjóra sem vill væntanlega vera hafinn yfir grun um sérhagsmuni kunningjasamfélagsins. Óásættanlegt fyrir íslenskt tónlistarlíf sem þarf alltaf á besta kostinum að halda hverju sinni. Aðeins þannig getum við séð Íslensku óperuna blómstra og dafna í sátt við samfélagið um ókomna tíð.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI: Sævar Freyr Práinsson ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI: Kristín Þorsteinsdóttir kristin@frettabladid.is AÐSTOÐARRITSTJÓRAR: Andri Ólafsson andri@365.is, Hrund Þórsdóttir hrund@stod2.is, Kolbeinn Tumi Daðason kolbeinntumi@365.is. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönum án endurgjalds. ISSN 1670-3871



Ókeypis heyrnarmæling síðan 2004

Snjallara heyrnartæki

Nýja Beltone First heyrnartækið tengist þráðlaust beint í iPhone, iPad og iPod touch. Komdu í ókeypis heyrnarmælingu og fáðu heyrnartæki lánað til reynslu.

heyrnarstodin.is

HEYRNARSTÖÐIN



Beltone First gengur með iPhone 5s, iPhone 5c, iPhone 5, iPad Air, iPad (4. kynslóð), iPad mini með Retina, iPad mini og iPod touch (5. kynslóð) með iOS eða nýrri styrkirfi. Apple, iPhone, iPad og iPod touch eru vörumerki sem tilheyra Apple Inc, skráð í Bandaríkjunum og öðrum löndum.

FRÁ DEGI TIL DAGS

Vanmetnir ferðamenn

Bjarni Benediktsson viðurkendi í útvarpsþættinum Sprengisandi í gærmorgun að ríkisstjórnin hefði vanmetið þann ávinning sem ferðamannastraumurinn skilar ríkissjóði. Þá beri ríkisstjórninni að koma til móts við ferðamannastaði með auknu fjármagni. Í sama viðtali sagði hann gistináttaskattinn af hinu verra og að náttúrpassinn hefði verið slæm hugmynd. Manni er spurn hvernig Bjarni hyggst fjármagna uppbyggingu ferðamannastaða ef hann slær allar hugmyndir um fjáröflun út af borðinu.

Bjarni í húsnæðismálin

Í sama viðtali sagði Bjarni að það væri

ekki hlutverk þessarar ríkisstjórnar að afnema verðtryggingu en ætla mætti að stjórnarherrarirnir tveir hefðu prentað hvor út sína útgáfuna af stjórnarsáttmálanum. Bjarni hlýtur að vera argur yfir því að Framsóknarflokkurinn stælur þrumunni í sífellu af Sjálfstæðisflokknum. Bjarni hyggur eflaust á að skara eld að eigin köku en hann sagði í viðtalinu að Sjálfstæðisflokkurinn væri ekki á öndverðum meiði við Framsókn í húsnæðismálum: „Húsnæðismálin. Það er ekki mál sem á sér einhvern uppruna í Framsóknarflokknum.“

Bjarna hefur verið legið á hálsi fyrir að

standa í vegi fyrir framvindu húsnæðismála.

Tvær ríkisstjórnir í landinu

Enn af húsnæðismálaráðherranum. Á sama tíma og Bjarni var á Sprengisandi að gefa húsnæðismálunum undir fótinn var Eygló Harðardóttir í viðtali á RÚV. Þar sagði hún að ríkisstjórnin ætlaði sér að afnema verðtryggingu af nýjum neytendalánunum. Aðspurð hvort hvort ekki vantaði eindrægni í ríkisstjórnina svaraði hún á þá vegu að fjármálaráðherrann hafi greinilega ekki í hyggju að fylgja samþykktum ríkisstjórnarinnar. Svo virðist vera að í landinu séu tvær ríkisstjórnir.

stefanraf@frettabladid.is

HALLDÓR



Auðlind á silfurfati

SJÁVARÚT-VEGUR



Oddný G. Harðardóttir þingmaður Samfylingarinnar

Allar viðvörunarþjöllur landsins hringja nú um að hægristjórnin sé að stíga stórt skref í að einkavæða auðlindir þjóðarinnar. Frumvarp hefur verið lagt fram á Alþingi sem í raun er gjöf á makrílkvóta til nokkurra útgerða til langs tíma. Skýrt kemur fram í frumvarpinu að óheimilt er að fella sex ára úthlutun úr gildi með minna en sex ára fyrirvara og gildistíminn framlangist sjálfkrafa um eitt ár í senn. Við álagningu veiðigjalds á makríl er engin tilraun gerð til þess að nálgast sannvirði nýtingarréttarins á auðlindinni, til dæmis með útboðum. Engin kvótasetning hefur enn átt sér stað á makríl og því er tækifæri nú til að skipta um stefnu með þessa nýju fisktegund sem ratað hefur á Íslandsmið.

Tillaga hægristjórnarinnar er að festa nýju tegundina rækilega í gamla kerfinu sem leyfir enga nýliðun í greininni nema gegn greiðslu til þeirra útgerða sem fá makrílkvóta gefins. Þjóðin ber hins vegar skarðan hlut frá borði þegar auðlind hennar er metin til fjár.

Hvað gerir forsetinn?

Getur verið að hagsmunaaðilar í útgerð og ríkisstjórnin hafi fundið leið til þess

→ Makrílfrumvarpið kann að láta lítið yfir sér við fyrstu sýn, en þegar betur er að gáð er það líklega eitt stærsta skref í átt að einkavæðingu auðlinda þjóðarinnar sem tekið hefur verið.

að læða í gegn stórtækri breytingu á úthlutun aflaheimilda og útreikningi veiðigjalda án þess að þjóðin taki eftir því? Forseti Íslands sagði árið 2012 að mál sem varða auðlindir þjóðarinnar væru vel til þess fallin að setja í dóm þjóðarinnar. Honum bárust 35.000 undirskriftir árið 2013 og hann var beðinn um að staðfesta ekki lög um veiðigjöld sem fólu í sér mikla lækun gjaldanna. Hann réttlætti staðfestingu þeirra laga með þeim rökum að lögin væru aðeins til eins árs. Hann hlýtur því að bregðast við ótímabundinni úthlutun á makrílkvóta.

Makrílfrumvarpið kann að láta lítið yfir sér við fyrstu sýn, en þegar betur er að gáð er það líklega eitt stærsta skref í átt að einkavæðingu auðlinda þjóðarinnar sem tekið hefur verið. Og auðlindaákvæði vantar enn í stjórnarskrá Íslands.

Að ljúga með blessun Hæstaréttar

Hæstiréttur ómerkti á miðvikudag sýknu héraðsdóms í svokölluðu Aurum-máli, þar sem ég er ákærður sem hlutdeildarmaður í viðskiptum sem áttu sér stað vorið 2008. Um var að ræða fullkomlega eðlileg viðskipti sem embætti sérstaks saksóknara reynir að klæða í glæpaþving.

DÓMSMÁL



Jón Ásgeir Jóhannesson

að sakast um það sem gerðist. Eigum við ekki að njóta vafans? Það er skelfilegt að upplifa þá tilfinningu að Hæstiréttur haldi hlífiskildi yfir óheiðarlegum embættismanni en láti réttindi fjögurra einstaklinga lönd og leið.

Ég hef mátt verja hendur mínar sem sakborningur síðustu 13 ár. Eitt tekur við af öðru. Tilgangurinn virðist vera sá að koma mér í fangelsi hvað sem það kostar. Gerðar hafa verið ótal húsleitir

heima hjá mér og í fyrirtækjum sem tengjast mér. Rótað hefur verið í nærbuxnaskúffu minni, síminn minn hleraður og mikilvægum gögnum haldið undan í dómsmálum. Og ekki hefur eiginkona mín verið látin í friði. Hennar símar hafa verið hleraðir og húsleitir gerðar í hennar fyrirtækjum án þess að hún hafi nokkurn tíma á ævinni fengið stöðu sakbornings. Sök hennar virðist sú ein að hafa gifst röngum manni.

En niðurstaða miðvikudagsins er staðreynd. Enn á ný á að drösla mér niður í héraðsdóm, þar sem

ákærvaldið í landinu fær frjálshendur til að færa fram sakargiftir sínar á hendur mér. Ákærvaldið hefur eytt milljörðum króna af fé íslenskra skattborgara síðustu 13 ár til þess eins að finna einhvern glæp, svo hægt sé að taka mig úr umferð. Ég er viss um að eftir 20 ár munum við fyrirrita svona vinnubrögð. En af hverju gerist þetta aftur og aftur? Fyrir mér er svarið einfalt – kerfið sér jú um sína – og ver sig með kjafti og klóm.

Verst þykir mér samt að sjá að Hæstiréttur skuli spila með.

→ Ég hef mátt verja hendur mínar sem sakborningur síðustu 13 ár. Eitt tekur við af öðru. Tilgangurinn virðist vera sá að koma mér í fangelsi hvað sem það kostar.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Á hundrað kaktusa en segist ekki vera með græna finger

Þórður Magnússon á glæsilegt safn af kaktusum og hefur haft áhuga á þeim síðan hann var tvítugur.

Gyða Lóa Ólafsdóttir

gydaloa@frettabladid.is



Tónlistarmaðurinn Þórður Magnússon á myndarlegt safn af kaktusum og er áhugamaður um þessa tilteknu tegund pottaplantna.

„Ég hef verið allveg forfallinn kaktusaáhugamaður frá því ég var 19 til 20 ára gamall, þá kom ég mér upp ansi góðu safni og var með góða aðstöðu, stóran suðurglugga,“ segir hann en á þeim tíma átti hann rúmlega þrjúhundrað stykki en gaf þá til Garðyrkjuskólans í Hveragerði þegar hann flutti utan í nám.

Það liggur í edli safna að við þau er sífellt hægt að bæta og þegar Þórður er spurður að því hverjar upphaldskaktusategundir hans séu svarar hann hlæjandi að þær

séu að sjálfsgöðu þær sem hann eigi ekki.

Kaktusar eru meðal þeirra pottaplantna sem krefjast hvað minnstrar umhirðu og því segir Þórður áhugamál sitt ekki sérlega tímafrekt. „Þetta er ekki áhugamál sem tekur neinn rosalegan tíma, þetta er ekkert eins og að eiga hund eða eitthvað,“ segir hann hress.

Kaktusarnir krefjast þó að sjálfsgöðu umhirðu upp að einhverju marki, þá þarf að vökva og þeim þarf að umpotta.

„Á sumrin þarf maður að vökva þá svona tvisvar í viku og svo þarf maður að taka svona einn heilan vinnudag á ári í að umpotta.“

Þeir sem gert hafa tilraun til þess að umpotta kaktusum vita að það getur verið áhættusamt verk enda óþægilegt að stinga sig á kaktusanálum. „Aðaltríkið er

að vera með dagblöð sem þú vefur utan um kaktusinn, nærð góðu taki á honum og svo losar maður hann úr pottinum,“ segir Þórður.

Önnur algeng mistök í kaktusarækt samkvæmt Þórði eru að færast of mikið í fang við umpottun þeirra og planta þeim í of stóra potta.

„Það hættulegasta sem þú gerir við kaktusa er að setja þá í of stóran pott. Þannig að maður þarf að gæta þess að setja þá í örflítið stærri pott í hvert sinn sem maður umpottar þeim.“

Þrátt fyrir að takast að halda rúmlega hundrað kaktusum á lífi vill Þórður ekki meina að hann sé sérlega lunkinn við ræktun. „Ég er ekki einu sinni með græna finger held ég, ég hef bara gaman af þessu en ég hef ekkert sérstakt „touch“ á þessu.“



PURFA SÓL Þórður er hér með einn af sínum upphaldskaktusum en hann á talsvert fleiri, eða um það bil hundrað.

BÍÓ ★ PARADÍS

HAPPY HOUR Á BARNUM 17-20

Citizenfour	18.00	The Grump	20.10
Blind	20.00	Stations of the cross	22.00
Black coal, thin ice	20.20, 22.20	Whiplash	22.10

Barnaheill Save the Children á Íslandi

Vissir þú að... barnaheill er að minnstaðinn barninum eftir því hvern forðir þetta gera.



GOTT SAMSTARF Carly Rae og Tom Hanks í góðum gír við upptökur á myndbandi við lagið I Really Like You. Það er greinilega nóg um að vera hjá kanadíska söngkonunni. NORDICPHOTOS/GETTY

Prælgaman að fá að leikstýra Tom Hanks

Carly Rae var ekkert stressuð yfir að leikstýra Tom Hanks í tónlistarmyndbandi við lagið I Really Like You.

Kanadíska söngkonan Carly Rae Jepsen er sjálfsgagt best þekkt fyrir lagið Call Me Maybe sem kom út árið 2012 og átti talsverðum vinsældum að fagna.

Nú hefur hún sent frá sér nýtt lag sem ber nafnið I Really Like You og er leikarinn Tom Hanks í einu hlutverkanna í myndbandi við lagið en Jepsen sagði í viðtali við People Magazine á dögnum að það hefði verið frábært að leikstýra Hanks.

Söngkonan sagði að hún hefði

ekki hræðst að leikstýra Hanks þrátt fyrir gríðarmikla reynslu leikarans sem leikið hefur í fjölmörgum kvikmyndum á ferlinum og meðal annars unnið til Óskarsverðlauna.

Jepsen er oft á tíðum borin saman við söngkonuna Carly Simon og segir það mikið hrós, í viðtalinu við People sagðist hún hafa spjallað við Simon nokkrum sinnum símleiðis og það gæti vel verið að þær væru að plana eitt-hvað óvænt fyrir aðdáendur seinna á árinu.



HVERGI BANGIN Kate Winslet leikur garðyrkjumann í myndinni A Little Chaos. NORDICPHOTOS/GETTY

Kate Winslet var hrædd við Rickman

Leikkonan var dauðhrædd við Alan Rickman þegar hún starfaði fyrst með honum fyrir tuttugu árum.

Leikkonan Kate Winslet fer með eitt af aðalhlutverkum í myndinni A Little Chaos sem er leikstýrt af Alan Rickman en hann fer einnig með eitt af aðalhlutverkum í myndinni.

Margir muna sjálfsgagt eftir Rickman úr Harry Potter-myndunum en þar lék hann prófessor Snape og var oft á tíðum ansi ógnvekjandi.

Winslet vann fyrst með Rickman fyrir tuttugu árum við kvikmyndina Sense and Sensibility og

sagði í viðtali við OK! Magazine að á þeim tíma hefði hún verið dauðhrædd við Rickman. Núna, tuttugu árum síðar, segir hún hann hinn mesta herramann og að það hafi verið virkilega ánægjulegt að vinna með honum.


Winslet leikur garðyrkjumann í myndinni og í einu atriði myndarinnar dettur persóna hennar ofan í kalt vatn. Leikkonan sagði að hún væri ýmsu vön eftir Titanic og að það hefði verið lítið mál að láta sig gossa ofan í ískalt vatnið.



HNJÁHLÍFAR



HÁSINA- OG ÖKKLAHLÍFAR



OLNBOGAHLÍFAR

Íþróttastuðningshlífur

Mikið úrval af stuðningshlífum frá Sporlastic. Vandaðar vörur á góðu verði.

Sporlastic vörurnar fást einnig í ýmsum apótekum.



Veit á vandaða lausn

Verið velkomin í verslun okkar að Síðumúla 16, 2.h. Opið mán - fös 8.30 - 17.00
Síðumúli 16 • 108 Reykjavík • Sími 580 3900 • www.fastus.is



HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVÍK UNIVERSITY

KYNNINGARFUNDUR UM MEISTARANÁM Í VERKFRÆÐI

28. apríl kl. 12-13 í stofu M215
Skráning á almarb@ru.is

- Byggingaverkfræði
- Fjármálaverkfræði
- Heilbrigðisverkfræði
- Orkuverkfræði (Íslenski orkuháskólinn)
- Rafmagnsverkfræði
- Rekstrarverkfræði
- Vélaverkfræði

„Í náminu hef ég unnið verkefni fyrir ýmis fyrirtæki. Ég tók þátt í að endurnýja verkferla innan Áltaks ehf., greindi þróun birgðahalds- og flutningskostnaðar fyrir Haugen Gruppen ehf., gerði drög að gæðastefnu fyrir Tollstjóra, greindi mögulegar aðgerðir í tekjustýringu fyrir Súfistann ehf. og gerði biðraðalíkan fyrir Icelandair þar sem unnið var að því að greina hagkvæmustu nýtingu sjálfsafgreiðslukassa við innritun.“

Í framtíðinni myndi ég helst vilja starfa við einhverskonar aðgerðarannsóknir auk þess sem birgðastýring heillar og flest allt sem viðkemur birgðahaldi.“

Þórey Friðrikkja Guðmundsdóttir
Meistaraneini rekstrarverkfræði



Spá Fréttablaðsins

PEPSI DEILDIN 2015
Hefst 3. maí



- | | |
|-----------|-------------|
| 1. SÆTI ? | 7. Víkingur |
| 2. SÆTI ? | 8. Keflavík |
| 3. SÆTI ? | 9. Fjölnir |
| 4. SÆTI ? | 10. ÍA |
| 5. SÆTI ? | 11. ÍBV |
| 6. Valur | 12. Leiknir |

VALUR HAFNAR Í 6. SÆTI

Síðustu ár hafa verið nokkuð flöt á Hlíðarenda og liðið ekki komist í Evrópukeppni síðan það varð Íslandsmeistari árið 2007. Ólafur Jóhannesson er tekinn við liðinu en hefur gefið út að liðið sé ekki nógu gott til að berjast um Evrópusæti. Honum til aðstoðar er Sigurbjörn Hreiðarsson. Valsliðið varð Reykjavíkumeistari og hefur spilað ágætlega í vetur.

→ Lykilmaðurinn í sumar

Framherjinn **Patrick Pedersen** er mikill markaskorari og nían sem Valur er búinn að leita að í mörg ár. Hann meiddist illa í fyrra en skoraði fimm mörk í níu leikjum og hefur sýnt á undirbúningstímabilinu hversu hæfileikaríkur hann er.

Haldist Patrick heill mun hann vafalítið raða inn mörkum og það er eitthvað sem Valur þarf á að halda.

Fljótur framherji, virkilega markheppinn og klárar færin vel. Getur einnig skorað fyrir utan teig.



→ Binni bjartsýni

Bíða eftir að springa út

Ef Pedersen helst heill verður hann markakóngur deildarinnar. Við erum komnir með alvöru markvörð og spennandi leikmenn sem geta sprungið út.

→ Siggi svartsýni

Búinn að gefast upp

Þjálfarinn er búinn að gefast upp fyrir mót og segir liðið ekki nógu gott til að taka þátt í Evrópu-baráttunni. Ekki góð skilaboð.

→ Nýju andlitin

Andri Adolphsson í **Baldvin Sturluson** Stjarnan **Hilmar P. Hilmarss.** Stjarnan **Ingvar Þór Kale** Víkingur **Orri S. Ómarsson** AGF **Tómas Ó. Garðars.** Breiðabl.

Fylgstu með þessum

Orri Sigurður Ómarsson Varnarmaður sem á 57 leiki að baki með yngri landsliðunum. Hægri bakvörður sem mun spila sem miðvörður í Valsliðinu í sumar.

EINKUNNASPJALDIÐ VÖRNIN ★★★★★ SÓKNIN ★★★★★ ÞJÁLFAFINN ★★★★★ BREIDDIN ★★★★★ LIÐSSTYRKURINN ★★★★★ HEFÐIN ★★★★★

Gengið síðustu sex tímabil | 2009 8. sæti | 2010 7. sæti | 2011 5. sæti | 2012 8. sæti | 2013 5. sæti | 2014 5. sæti • Íslandsmeistari 20 (síðast 2007) • Bikarmeistari 9 (síðast 2005)



FRÁBÆR Brynjar Þór Björnsson fór á kostum í gærkvöldi. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

KR komið í 2-1

KÖRFUBOLTI KR getur tryggt sér Íslandsmeistaratitilinn í körfubolta annað árið í röð á Sauðárkróki á miðvikudagskvöldið, en liðið tók 2-1 forystu í rímmunni gegn Tindastóli með 104-91 sigri á heimavelli í gærkvöldi.

KR var betri aðilinn allan tímann og náði mest 28 stiga forskoti. Michael Craion var stigahæstur KR með 29 stig og 13 fráköst en Brynjar Þór Björnsson skoraði 26 stig. Darrel Lewis og Helgi Freyr Margeirsson skoruðu 19 stig fyrir Tindastól. - tom

DOMINOS-DEILD KARLA

LOKAÚRSLIT, LEIKUR 3

KR - TINDASTÓLL

104-91

KR: Michael Craion 29/13 fráköst, Brynjar Þór Björnsson 26, Pavel Ermolinskij 15/7 fráköst/6 stoðsendingar, Helgi Már Magnússon 15/8 stoðsendingar, Darri Hilmarsson 8, Þórir Guðmundur Þorbjarnarson 6, Björn Kristjánsson 5.

Tindastóll: Darrel Lewis 19/4 fráköst, Helgi Freyr Margeirsson 19/4 fráköst, Pétur Rúnar Birgisson 11/5 fráköst/10 stoðsendingar, Darrell Flake 9, Svavar Atli Birgisson 6, Sigurður Páll Stefánsson 6, Víðar Ari Jónsson 2.

SÍÐUSTU SKREFIN Á PARKETINU

Hildur Sigurðardóttir getur orðið Íslandsmeistari í fimmta sinn í kvöld þegar Snæfell tekur á móti Keflavík í þriðja leik lokaúrslita Dominos-deildar kvenna. Hún reiknar með að leggja skóna á hilluna eftir tímabilið.

KÖRFUBOLTI Snæfell getur orðið Íslandsmeistari í körfubolta kvenna í kvöld annað árið í röð, en liðið tekur á móti Keflavík í Stykkishólmi og er 2-0 yfir í lokaúrslitunum. Aðeins einu sinni í 22 ára sögu úrslitakeppni kvenna hefur lið komið til baka eftir að lenda 2-0 undir og unnið, 3-2.

Það var árið 2002 þegar KR lagði ÍS í oddaleik í íþróttahúsi Kennaraháskólans. Tveir leikmenn Snæfells; Alda Leif Jónsdóttir og fyrirlíðinn Hildur Sigurðardóttir, hvor í sínu liðinu. Alda þurfti að játa sig sigraða en Hildur skoraði þrettán stig í oddaleiknum og fagnaði Íslandsmeistaratitlinum annað árið í röð með KR.

„Ég man ekki svona langt aftur. Ég er ekkert að spá í þetta,“ segir Hildur hlægjandi við Fréttablaðið.

Þessi magnaði leikstjórnandi bætti þriðja Íslandsmeistaratitlinum í sarpinn með KR 2010 og þeim fjórða með Snæfelli í fyrra. Hún og stóllur hennar í Snæfelliðinu ætla sér að verja titilinn.

Ekki búið

„Við erum vel stemmdar fyrir þetta verkefni á morgun [í kvöld],“ segir Hildur. „Við tókum fína æfingum og ætlum svo að hittast í kvöld [gærkvöld] og borða saman. Gera eitthvað skemmtilegt.“

Snæfell vann fyrsta leikinn í Hólminum með einu stigi og leik tvö með níu stigum á föstudagskvöldið.

„Við erum ánægðar með þessa tvo sigra en þetta er ekkert búið þó við séum 2-0 yfir. Við erum búnar að fara yfir það sem þarf að laga sem er varnarleikurinn. Þær eru að skora of mikið á okkur,“ segir Hildur, en í báðum leikjunum náði Snæfell miklu forskoti.

„Fyrsti leikurinn hér heima var mjög sveiflukenndur eins og leikur tvö. Við náðum miklu forskoti en misstum það niður. Við verðum bara að halda áfram þó þær komi með áhlaup. Við getum ekki ætlað að svara með tíu stigum í hverri sókn. Við verðum að halda yfirvegun,“ segir Hildur.

Skórnir á hilluna

Hildur hefur verið lengi að og unnið marga titla, en nú fara skórnir að öllum líkindum á hilluna frægu.

„Ég reikna með því að þetta verði síðustu leikirnir mínir. Ég er búin að hugsa þetta mikið en þó líkaminn sé í ágætisstandi og mér gangi vel er kominn tími á að gera eitthvað annað,“ segir Hildur.

Lyfti hún Íslandsbikarnum annað árið í röð sem fyrirlíði Snæfells verður það því líklega kveðju-



TAKK FYRIR MIG! Hildur Sigurðardóttir getur kvatt sem meistari. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

stund hjá henni sem leikmaður. Stór stund fyrir hana og íslenskan kvennakörfubolta.

„Það er allavega stefnan, en ég hef svo sem aldrei tekið mér meira en vikupásu þannig ég veit ekkert hvernig ég verð án körfuboltans. Mér finnst þetta komið gott. Þetta er búinn að vera langur tími og ég hef unnið mikið af titlum. Þetta er bara ljómandi tími til að leggja skóna á hilluna,“ segir Hildur Sigurðardóttir. tomas@365.is

STÓRU TITLARNIR HJÁ HILDI SIGURÐARDÓTTUR

ÍSLANDSMEISTARI 4 SINNUM

KR 2001, 2002 og 2010. Snæfell 2014.

BIKARMEISTARI 3 SINNUM

KR 2001, 2002 og 2009.

Eitt glas af Fjörmjólk inniheldur

Miðað er við 2 dl (200 g)

Orka 78 hitaeiningar

Prótein 8,8 g

Kolvetni 9,4 g

Fita 0,6 g

Kalk 282 mg

D-vítamín 0,8 µg

A-vítamín 90 µg

B2-vítamín 0,3 mg

Fosfór 196 mg

Joð 22 µg

B12-vítamín 0,84 µg

Til að byggja upp vöðva og öðlast kraft

Til að veita líkamanum orku

Flytur með sér A- og D-vítamín

Fyrir sterk bein, hvítar tennur og fallegra bros

Til að líkaminn geti nýtt sér kalkið

Fyrir húðina, augun og sjónina

Fyrir efnaskipti líkamans

Fyrir sterk bein

Fyrir efnaskipti og orkujafnvægi

Fyrir alla frumustarfsemi

Fjörmjólk

Einstaklega próteinrík og inniheldur fjölda nauðsynlegra næringarefna.



ÚRSLIT

ENSKA ÚRVALSDEILDIN

SOUTHAMPTON - TOTTENHAM	2-2
1-0 Graziano Pellé (29.), 1-1 Erik Lamela (43.), 2-1 Graziano Pellé (65.), 2-2 Nacer Chadli (70.).	
BURNLEY - LEICESTER	0-1
0-1 Michael Duff (61., sm).	
NEWCASTLE - SWANSEA	2-3
1-0 Ayoze Pérez (20.), 1-1 Nelson Oliveira (45.), 1-2 Gylfi Þór Sigurðsson (49.), 1-3 Jack Cork (71.), 2-3 Siem de Jong (87.).	
QPR - WEST HAM	0-0
STOKE - SUNDERLAND	1-1
0-1 Connor Wickham (2.), 1-1 Charlie Adam (27.).	
MAN. CITY - WEST HAM	2-0
1-0 James Collins (18. sm), 2-0 Sergio Agüero (36.).	
WEST BROM - LIVERPOOL	0-0
MAN. CITY - ASTON VILLA	3-2
1-0 Sergio Agüero (4.), 2-0 Aleksandar Kolarov (66.), 2-1 Tom Cleverley (68.), 2-2 Carlos Sánchez (85.), 3-2 Ferdinandinho (89.).	
EVERTON - MAN. UTD	3-0
1-0 James McCarthy (5.), 2-0 John Stones (35.), 3-0 Kevin Mirallas (74.).	
ARSENAL - CHELSEA	0-0

STADAN

Chelsea	33	23	8	2	65:26	77
Man. City	34	20	7	7	70:36	67
Arsenal	33	20	7	6	63:32	67
Man. Utd	33	19	8	6	59:31	65
Liverpool	33	17	7	9	47:36	58
Tottenham	34	17	7	10	55:49	58
Southampton	34	17	6	11	47:26	57
Swansea	34	14	8	12	41:44	50
Stoke	34	13	8	13	39:42	47
West Ham	34	11	11	12	42:42	44
C. Palace	34	11	9	14	42:47	42
Everton	33	10	11	12	41:43	41
WBA	34	9	10	15	32:46	37
Newcastle	34	9	8	17	36:57	35
Aston Villa	34	8	8	18	26:48	32
Hull	33	7	10	16	31:45	31
Leicester	33	8	7	18	35:51	31
Sunderland	33	5	15	13	26:49	30
QPR	34	7	6	21	38:59	27
Burnley	34	5	11	18	26:52	26



LOKAD OG LÆST Guðbjörg Gunnarsdóttir er ekki enn búin að fá á sig mark í norsku úrvalsdeildinni.

FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Fríða verður ekki fyrst

Landsliðsmarkvörðurinn Guðbjörg Gunnarsdóttir hefur haldið hreinu í fyrstu fjórum leikjum Lilleström, en næst mætir liðið Avaldsnes í Íslendingaslag.

FÓTBOLTI „Það bjuggust allir við því að sóknarleikurinn yrði okkar aðalsmerki,“ segir Guðbjörg Gunnarsdóttir, landsliðsmarkvörður í fótbolta, við Fréttablaðið, um lið sitt Lilleström í norsku úrvalsdeildinni í fótbolta. Sóknarleikurinn hefur aðeins „brugðist“, en liðið er bara búin að skora fimm mörk í fyrstu fjórum leikjunum.

„Það kemur þó ekki að sök því Guðbjörg er búin að halda hreinu í öllum leikjunum fjórum og eru meistararnir því með fullt hús stiga á toppi deildarinnar.“

„Við erum meira með boltann í öllum leikjunum en náum ekki að skora nóg. En eitt mark er nóg

á meðan við fáum ekki á okkur mark,“ segir Guðbjörg.

Hún kom á miðju sumri til Lilleström í fyrra en komst aldrei í byrjunarliðið. „Ég fór í aðgerð á hné og var ekki leikfær fyrr en í byrjun október. Þá voru svo fáir leikir eftir að það var engin ástæða til að skipta út markverðinum. En það var ógeðslega svekkjandi að fá ekki að spila,“ segir Guðbjörg.

Einn af landsliðsmarkvörðum Noregs stóð vaktina í marki LSK í fyrra en sá missti byrjunarliðsætið til Guðbjargar í vetur.

„Ég er í bullandi samkeppni við þessa norsku sem er í baráttunni um að komast með Noregi á HM. Ég er búin að spila alla leikina frá

og með mars og hlýtt nú að vera langt komin með að tryggja mér byrjunarliðsætið endanlega eftir að hafa haldið hreinu í fyrstu fjórum leikjunum,“ segir Guðbjörg.

Næsti leikur LSK er Íslendingaslagur á móti Avaldsnes þar sem markavélin Hólmfríður Magnúsdóttir er á mála.

„Hún verður ekki sú fyrsta sem skorar hjá mér. Það er alveg klárt. Hún sagði á Facebook að hún ætlaði að „klobba“ mig. Hún getur náttúrulega gleymt því,“ segir Guðbjörg sem nýtur lífins hjá Lilleström enda dálkurinn yfir mörk fengin á sig fastur í núlli. „Það er gott fyrir egóíð en maður verður bara að halda áfram.“ tomas@365.is



SIGURKOSS Gunnar Þórsson kyssir hetjuna Árna Braga. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Afturelding í lokaúrslitin

HANDBOLTI Afturelding komst í lokaúrslit Ólís-deildar karla í handbolta í gærkvöldi eftir hreint lygilegan sigur á ÍR í oddaleik.

Mosfellingar voru fjórum mörkum undir, 24-20, þegar fjórar mínútur voru eftir en skoruðu fjögur síðustu mörkin í venjulegum leiktíma og tryggðu sér framlengingu. Í framlengingunni var Árni Bragi Eyjólfsson hetjan rétt eins og undir lok venjulegs leiktíma. UMFA mætir Haukum. -tom

OLÍSDEILD KARLA

UNDANÚRSLIT, ODDALEIKUR

AFTURELDING - ÍR 30-29 (E. FRAML)

Afturelding - Mörk (skot): Pétur Júníusson 9 (10), Örn Ingi Bjarkason 9/1 (13/3), Árni Bragi Eyjólfsson 4 (7), Gunnar Þórsson 3/2 (4/2), Birkir Benediktsson 2 (6), Ágúst Birgisson 1 (1), Elvar Ásgeirsson 1 (5), Jóhann Jóhannsson 1 (6), Böðvar Páll Ásgeirsson (4).

Varin skot: Davíð Hlíðdal Svansson 21 (49/6, 43%), Pálmar Pétursson (1/1, 0%),

Utan vallar: 6 mínútur.

ÍR - Mörk (skot): Sturla Ásgeirsson 9/7 (10/7), Jón Heiðar Gunnarsson 6 (7), Arnar Birkir Hálf-dánsson 5 (16), Bjarni Fritzon 4 (4), Björgvin Hólmgeirsson 3 (11), Davíð Georgsson 2 (7), Brynjar Valgeir Steinsson (1).

Varin skot: Svavar Már Ólafsson 13 (32/2, 41%), Arnór Freyr Stefánsson 8/1 (19/2, 42%),

Utan vallar: 6 mínútur.

HLAUPTU AF STAÐ!

Glæsilegt úrval af hlaupafatnaði og hlaupaskóm á frábæru verði

6.990

NIKE MILER LS TOP
Dri Fit langermabolur sem hentar í alhliða líkamsrækt. Litir: Svartur, bleikur, blár. Stærðir: XS-XL.

10.990

NIKE DF ESSENTIAL
Dri Fit hlaupabuxur með þröngu sniði og rennilás að neðan. Litir: Svartar, svartar m/bleiku. Stærðir: XS-XL.

13.990

UNDER ARMOUR LAUNCH JACKET
Léttur hlaupajakki. Litir: Grár, gulur. Stærðir: S-XXL.

31.990

ASICS KAYANO 21
Innanfótarstyrktir hlaupaskór með dempun í hæl og tábergi. Dömu- og herrastærðir.

Ný sending af ASICS hlaupaskóm

INTERSPORT AKUREYRI / Sími 460 4891 / OPIÐ: MÁN. - FÖS. 10 - 18. LAU. 10 - 16.
 INTERSPORT BÍLDSHÖFÐA / Sími 585 7220 / OPIÐ: MÁN. - FÖS. 10 - 18. LAU. 11 - 18. SUN. 13 - 17.
 INTERSPORT SELFOSSI / Sími 480 4611 / OPIÐ: MÁN. - FÖS. 10 - 18. LAU. 10 - 16.

SPORT TO THE PEOPLE



DAGSKRÁ



20:25

BRESTIR

Tugir milljarða tapast á hverju ári með óprúttum athafnamönnum sem stunda kennitöluflakk og misnota kerfið. Hvenær er gjaldþrot síðlaus glæpur og hvenær er gjaldþrot ólán? Í þessum þætti Bresta rýnir Lóa Pind í þessa meinsemd í íslensku viðskiptalífi, kennitöluflakkið.

SKEMMTILEGUR MÁNUDAGUR!

Fáðu þér áskrift á **365.is**

365

20:55

BACKSTROM

Gamansamur sakamála-þáttur um lögreglumanninn Everett Backstrom sem er drykkfelldur og kaldhæðinn en ótrúlega fær í sínu starfi.



21:40

GAME OF THRONES

Fimmta þáttaröðin um hið magnaða valdatafl og blóðuga valdaráttu sjö konungsfjölskyldna í Westeros.



22:40

VICE

Áhrifamiklir og ferskir fréttaskýringarþættir frá HBO þar sem fjallað er um málefni líðandi stundar um heim allan.



21:00

BROADCHURCH

Önnur þáttaröðin af þessum magnþrungnu spennuþáttum um rannsóknarlögreglu-fulltrúanna Alec Hardy og Ellie Miller.



22:00

I GIVE IT A YEAR

Rómantísk gamanmynd um turtildúfurnar Nat og Josh sem eru nýgift og hamingjusöm en fjölskylda þeirra hefur enga trú á ráðahagnum.



18:00

ÁFRAM DIEGO, ÁFRAM!

Diego er ávallt til þjónustu reiðubúinn þegar dýr lenda í vanda.



STÖÐ 2

07.00 Barnatími Stöðvar 2
08.05 The Middle
08.30 2 Broke Girls
08.50 Selfie
09.15 Bold and the Beautiful
09.35 Doctors
10.15 Heilsugengið
10.40 Gatan mín
11.00 Mistresses
11.45 Falcon Crest
12.35 Nágrannar
13.00 Britain's Got Talent
13.45 Britain's Got Talent
14.50 ET Weekend
15.40 Villingarnir
16.05 Tommi og Jenni
16.30 The Middle
16.55 Guys With Kids
17.20 Bold and the Beautiful
17.40 Nágrannar
18.05 Simpson-fjölskyldan
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.47 Íþróttir

18.55 Ísland í dag
19.40 2 Broke Girls
20.00 The New Girl
20.30 Brestir

21.00 Backstrom Nýr gamansamur sakamálaþáttur með Riann Wilson í hlutverki lögreglumannsins Everetts Backstrom sem er kærulaus, drykkfeldur og kaldhæðinn en ótrúlega fær í starfi sínu sem er að leysa erfið sakamál af slíkri færni að það er nánast glæpsamlegt.

21.45 Game Of Thrones
22.50 Vice Ferskur fréttarþáttur frá HBO þar sem rýnt er ofan í kjölinn á ýmsum hitamálum um víða veröld.
23.20 Daily Show: Global Edition
23.45 The Big Bang Theory
00.05 White Collar
00.50 A.D.. Kingdom and Empire
01.35 Gotham
02.15 Last Week Tonight With John Oliver
02.50 Veep
03.15 Louie
03.40 Dying Young
05.25 Simpson-fjölskyldan
05.50 Brestir

SPORT

besta sætið

07.00 Celta - Real Madrid
09.45 KR - Tindastóll
11.20 Bayern Munchen - Porto
13.00 Meistaradeild Evrópu - fréttarþáttur
13.30 Celta - Real Madrid
15.10 Espanyol - Barcelona
16.50 Pagar Gaupi hitti Bogdan
17.25 KR - Tindastóll
19.00 Snæfell - Keflavík Bein útsending
21.00 Spænsku mörkin 2014/2015
21.30 Goðsagnir - Ingi Björn
22.00 UFC Countdown
22.45 UFC 186. Johnson vs. Horiguchi

SPORT 2

enski boltinn

07.00 Everton - Man. Utd.
08.40 Arsenal - Chelsea
12.00 Burnley - Leicester
13.40 QPR - West Ham
15.20 Newcastle - Swansea
17.00 Everton - Man. Utd.
18.40 Bournemouth - Bolton Bein útsending
21.00 Messan
22.15 Football League Show 2014/2015
22.45 Arsenal - Chelsea
00.25 Bournemouth - Bolton

INN

20.00 Frumkvöðlar **20.30** Panorama **21.00** Fyrirtækjaheimsókir **21.30** Stormað

STÖÐ 3

17.00 Wipeout
17.45 One Born Every Minute UK
18.30 10 Items or Less
19.00 The Amazing Race
19.45 The Bill Engvall Show
20.05 Saving Grace
20.55 The Finder
21.40 Vampire Diaries
22.25 Pretty little liars
23.05 The Amazing Race
23.50 The Bill Engvall Show
00.10 Saving Grace
00.55 The Finder
01.40 Vampire Diaries
02.20 Pretty little liars
03.00 Tónlistarmyndbönd frá Bravó

Krakkastöðin

07.00 Kalli á þakinu **07.22** Ljótí andarunginn og ég **07.47** Víkingurinn Vic **08.00** Stumparnir **08.25** Ævintýri Tinna **08.47** Latibær **09.00** Könnuðurinn Dóra **09.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **09.45** Doddi litli og Eyrnastór **09.55** Sumardalsmyllan **10.00** Áfram Diego, áfram! **10.24** Svampur Sveins **10.45** Tom and Jerry **10.55** UKI **11.00** Kalli á þakinu **11.22** Ljótí andarunginn og ég **11.47** Víkingurinn Vic **12.00** Stumparnir **12.25** Ævintýri Tinna **12.47** Latibær **13.00** Könnuðurinn Dóra **13.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **13.45** Doddi litli og Eyrnastór **13.55** Sumardalsmyllan **14.00** Áfram Diego, áfram! **14.24** Svampur Sveins **14.45** Tom and Jerry **14.55** UKI **15.00** Kalli á þakinu **15.22** Ljótí andarunginn og ég **15.47** Víkingurinn Vic **16.00** Stumparnir **16.25** Ævintýri Tinna **16.47** Latibær **17.00** Könnuðurinn Dóra **17.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **17.45** Doddi litli og Eyrnastór **17.55** Sumardalsmyllan **18.00** Áfram Diego, áfram! **18.24** Svampur Sveins **18.45** Tom and Jerry **18.55** UKI **19.00** Monster House

GULLSTÖÐIN

18.25 Friends
18.50 The New Girl
19.15 Modern Family
19.35 The Big Bang Theory
20.00 Sjálfstætt fólk
20.30 Eldsnögg með Jóa Fel
21.00 Broadchurch
21.50 Sisters
22.35 Grimm
23.15 Sjálfstætt fólk
23.40 Eldsnögg með Jóa Fel
00.10 Broadchurch
00.55 Sisters
01.35 Tónlistarmyndbönd frá Bravó

BÍÓSTÖÐIN

11.50 Mary and Martha
13.25 Inside Job
15.15 Clear History
16.55 Mary and Martha
18.30 Inside Job
20.20 Clear History
22.00 I Give It A Year
23.40 Wrath of the Titans S
01.20 G.I.Joe
03.10 I Give It A Year

RÚV

16.30 Séra Brown
17.20 Tré Fú Tom
17.42 Um hvað snýst þetta allt?
17.47 Loppulúði, hvar ertu?
18.00 Skúli skelfir
18.15 Tákn málsfréttir
18.25 Vísindahorn Ævars
18.35 Þú ert hér
19.00 Fréttir
19.25 Íþróttir
19.30 Veðurfréttir
19.35 Kastljós
20.05 Ráðgátan um Clark-bræður Áhrifamikil bresk heimildarmynd um Clark-bræðurna. Fyrstu 20 árin var ekkert athugavert við þá en þegar leið á þrítugsaldurinn varð veruleg afturför í andlegum þroska þeirra. Bræðurnir eru aftur komnir í umsjá foreldra sinna, sem annast þá sem börn í líkómum fullorðinna manna.
20.55 Spilaborg
21.45 Gunnel Carlson heimsækir Ítalíu Hin sænska Gunnel Carlsson leit- ar uppi Svía sem hafa flutt til Ítalíu og látið drauma sína rætast. Á þessum draumaslóðum hafa þeir keypt gamlar fasteignir og verja tímanum í að gera þær upp í sól og blíðu.
22.00 Tíufréttir
22.15 Veðurfréttir
22.20 Metallica
23.55 Krabbinn
00.25 Kastljós
00.50 Fréttir
01.05 Dagskrárlok

SKJÁREINN

06.00 Pepsi MAX tónlist
08.00 Everybody Loves Raymond
08.20 Dr. Phil
09.00 The Talk
09.45 Pepsi MAX tónlist
14.40 Cheers
15.05 Scorpion
15.50 Jane the Virgin
16.30 Judging Amy
17.10 The Good Wife
17.50 Dr. Phil
18.30 The Talk
19.10 Gordon Behind Bars
19.55 The Office
20.15 My Kitchen Rules
21.00 Hawaii Five-0
21.45 CSI: Cyber
22.30 Sex & the City
22.55 Californication
23.20 Parenthood
00.05 Elementary S
00.50 Hawaii Five-0
01.35 CSI: Cyber
02.20 Sex & the City

Golfstöðin

08.00 PGA Tour 2015
13.00 Golfing World 2015
13.50 PGA Tour Latinoamerica
14.15 PGA Tour 2015
16.20 Golfing World 2015
17.10 PGA Tour 2015 - Highlights
18.05 PGA Tour 2015
23.05 PGA Tour 2015 - Highlights

HRINGBRAUT

10.00 Helgin **10.45** Kvennráð **11.30** Lífsins List
12.00 Helgin **12.45** Kvennráð **13.30** Lífsins List
14.00 Helgin **14.45** Kvennráð **15.30** Lífsins List
16.00 Helgin **16.45** Kvennráð **17.30** Lífsins List
18.00 Helgin **18.45** Kvennráð **19.30** Lífsins List
20.00 Lífsstíll **20.30** Hringtorg **21.00** Úr smíðju Páls Steingrímssonar **22.00** Lífsstíll **22.30** Hringtorg **23.00** Úr smíðju Páls Steingrímssonar

ÚTVARP

FM 88,5 XA-Radíó
FM 89,5 Retro

FM 90,1 Rás 2
FM 90,9 Gullbylgjan
FM 93,5 Rás 1

FM 95,7 FM957
FM 96,3 FM Suðurland
FM 96,7 Létt Bylgjan

FM 97,7 X-ið
FM 98,9 Bylgjan
FM 99,4 Útvarp Saga

FM 100,5 K100
FM 102,9 Lindin

LAGGER HREINSLUN



ALLUR FATNAÐUR OG ÆFINGATÆKI

25% - 70%

ÁSAMT VÖLDUM FÆÐUBÓTAREFNUM

IRONGYM dyrslár, armbeygjustandar og Ab Po Wheel

25%-50%



LifeFitness Æfingastöðvar og brekhjól

25-33%



Allar dýnur og yogahandklæði

25%



JumpSport FITNESS TRAMPOLINE

25-30%



Æfingaboltar og nuddkefli

25%



Öll handlöß

25%



Allar ketibjöllur

25%



Öll Maximuscle fæðubótarefni

25%



43-65%



ROPE YOGA Frábært æfingataeki sem styrkir allan líkamann auðvelt í notkun
Rope Yoga ferðasett
tilboðsverð kr. 9.960.-
Rope Yoga bekkur (verð áður kr. 69.800.-)
tilboðsverð kr. 39.995.-
Rope Yoga bönd
tilboðsverð kr. 6.998.-

Under Armour fatnaður 50% afsl.
Hardtail fatnaður 50% afsl.
Hreysti hettupeysur og bolir
50-70% afsl.

allt fyrir kroppinn

HREYSTI

Skeifunni 19 - S. 568 1717

NETVERSLUN: WWW.HREYSTI.IS
Sendum um land allt.

HRIKALEGT ÚRVAL
komdu og gerðu kaup ársins!

MÁNUDAGSLAGIÐ



„Glow með Retro Stefson og Happy með Pharrell Williams. Það er einhver svona lífsgleði, hiti og léttleiki í þessum lögum sem maður þarf á köldum mánudagsmorgni.“

Sigríður Arnardóttir, sjónvarpskona á Hringbraut

Helmingur miðanna seldist í forsölu

Haukur S. Magnússon, ein skipuleggjenda vonast til þess að þetta verði fyrsti viðburður af mörgum.

„Við ætluðum ekki einu sinni að hafa forsölu fyrr en við urðum varir við að fólk var að hringja mikið niður á Húrra og í okkur,“ segir Haukur S. Magnússon ritstjóri Reykjavík Grapevine og einn af skipuleggjendum hipp-hop-tónleikanna sem fóru fram á Húrra síðastliðinn föstudag.

„Eftirspurnin þröngvaði okkur til að bjóða upp á miða í forsölu,“ en hann segir rúmlega helming miðanna hafa selst í forsölnni en uppselt var á tónleikana og færri komust að en vildu.

Hann segir augljóst að íslenskt hipphopp sé komið að ákveðnum suðupunkti og aðsóknin beri því gott vitni, en vel var mætt á tónleikana þar sem Gísli Pálmi, Emmsjé Gauti, Bent og Logi Pedro ásamt fleiri tónlistarmönnum tróðu upp við góðar undirtektir.

Síðastur á sviðið á föstudaginn var rapparinn Gísli Pálmi en nýtkominni breiðskífu hans, Gísla Pálma, hefur verið vel tekið og sjálfsagt margir tónleikagestir sem fögnuðu tækifærinu til

þess að sjá hann koma fram.

Haukur segir aðstandendur tónleikana ánægða með viðtökurnar og vonast til þess að þetta sé fyrsti viðburðurinn af mörgum.

„Við erum ákaflega glaðir og þakklátir fyrir hversu vel tókst til og vonum bara að þetta verði fyrsti viðburðurinn

VEL HEPPNAÐIR TÓNLEIKAR

Gísli Pálmi var einn af þeim tónlistarmönnum sem komu fram á vel heppnuðum tónleikum á Húrra á föstudaginn.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

af mörgum þar sem íslenskir hipphopp-arar sýna hversu mikil gróska er í gangi og alla þá frábæru vinnu sem margir hafa langt á sig og er farin að skila sér.“ -gt6



Áttu von á gestum



MEIRA Á dorma.is

ROMA

svefnsófi

Ljósgrátt eða dökkgrátt, slitsterkt áklæði.
B: 200 cm. D: 100 cm. H: 50 cm.
Svefnpláss: 120x200 cm.

Fullt verð: 89.900 kr.



Tilboðsverð **79.900 kr.**



RUBEN

svefnsófi með tungu

Með rúmfatageymslu í tungu. Dökkgrátt, slitsterkt áklæði.
Hægri og vinstri tunga. Stærð: 240 x 160 cm.

Fullt verð: 139.900 kr.

AFSLÁTTUR
40.000
KRÓNUR

Tilboðsverð **99.900 kr.**



MIAMI

hornsvefnsófi með tungu

Með rúmfatageymslu í tungu. Dökkgrátt, slitsterkt áklæði.
Hægri og vinstri tunga. Stærð: 240 x 225 cm. H: 80 cm.

Fullt verð: 169.900 kr.

AFSLÁTTUR
20.000
KRÓNUR

Tilboðsverð **149.900 kr.**

Holtagöðum
512 6800
Dalsbraut 1, Akureyri
558 1100

Afgreiðslutími
Mán. til fös. frá kl. 10-18
Laugardaga frá kl. 11-16
www.dorma.is

DORMA

Láttu drauminn ræstast



STOLT AF SYNINUM Foreldrar Hafþórs eru að vonum stolt af syninum sem þau hafa ferðast víða með.

Fylgdu sterkasta syni Íslands til Malasíu

Foreldrar Hafþórs Júlíusar Björnssonar kraftajötuns hafa fylgt honum um allan heim. Þau segja Hafþór alltaf hafa verið ákveðinn og sjálfstæðan.

Kjartan Atli Kjartansson
kjartanatli@frettabladid.is

Þau Ragnheiður Margrét Júlíusdóttir og Björn Þór Reynisson, foreldrar kraftajötunsins Hafþórs Júlíusar Björnssonar, fylgdu honum til Kúala Lúmpúr í Malasíu, þar sem hann tók þátt í keppninni Sterkasti maður heims. Keppnin fór fram um helgina og gekk vel en Hafþór lenti í þriðja sæti. „Þessu fylgir mikil spennan, maður tekur andlega þátt í þessu og það er frábært að fá að styðja hann í þessu alla leið,“ segir Björn.

Hjónin hafa ferðast víða um heim til að sjá soninn keppa í aflraunum. „Við ferðumst með honum á flestar keppnir, við förum árlega til Leeds á Sterkasta mann Evrópu, við höfum farið með honum á Arnold Classic í Ohio í Bandaríkjunum og þetta er núna fjórða Sterkasti maður heims keppni sem við fylgjum honum á,“ útskýrir Björn og Ragnheiður bætir við: „Við mætum svo auðvitað á öll mót á Íslandi sem hann tekur þátt í.“

Gerir kröfur til sjálfs sín

Hjónin eru vitanlega stolt af syni sínum en segjast í raun ekki hafa grunað að hann yrði afreksmaður í íþróttum þegar hann var yngri. Illa gekk að fá Hafþór til þess að æfa íþróttir, þar til að hann prófaði körfuknattleik í fyrsta sinn tólf ára gamall. „Þar fann hann sig fljótt,“ útskýrir Björn, sem hafði áður reynt að koma Hafþóri í körfubolta. Þegar Hafþór fór að stunda körfuboltann af kappi breyttist hugsunarháttur hans; hann fór að hugsa eins og íþróttamaður. Foreldrarnir segja ákveðni og sjálfstæði hafi

einkennt Hafþór á uppvaxtarárum hans. „Hann hafði sterkar skoðanir á hlutunum, þá sérstaklega ef hann var ekki sáttur við hvernig ég klæddi hann,“ útskýrir Ragnheiður og bætir við: „Hafþór hefur alltaf verið kröfuharður en það á sérstaklega við hann sjálfan, hann gerir miklar kröfur til sjálfs sín og vill alltaf gera betur, það er kannski þess vegna sem hann nær svona langt í því sem hann tekur sér fyrir hendur.“

Fer með íslenskan lax með sér út

Hafþóri þykir gott að koma í mat til foreldra sinna og segir Björn soninn sterka sérstaklega mikið fyrir fisk.

„Hann borðar sérstaklega vel ef ég fer út í Hafíð, sem er fiskbúðin sem við verslum við. Hann er rosa-lega mikið fyrir laxinn þaðan. Við eldum fyrir hann lax og setjum í box þegar hann er að ferðast til útlanda,“ segir Björn.

Hjónin eru vitanlega stolt af syni sínum. Þau eru ötulir stuðn-

„Við ferðumst með honum á flestar keppnir, við förum árlega til Leeds á Sterkasta mann Evrópu, við höfum farið með honum á Arnold Classic í Ohio í Bandaríkjunum og þetta er núna fjórða Sterkasti maður heims keppni sem við fylgjum honum á

ingsmenn þessa sterkasta manns þjóðarinnar og þótt víðar væri leitað. Vissulega segja þau að það hafi verið skritið að setja sig inn í sportið í fyrstu. „Þetta var kannski þínu skritið þegar við förum fyrst með honum á Sterkasta mann heims í Charlotte í Bandaríkjunum 2011 en í dag er þetta að verða bara eðli-

legt fyrir okkur og við myndum fylgja honum hvert sem er til að styðja við bakið á honum,“ segir Björn.




HAFÞÓR
JÚLÍUS
BJÖRNSSON

SÍMAR AUGLÝSINGAÐEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI: Svanur Valgeirsson svanur@365.is. ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401: Guðstaf Bjarnason gustaf@365.is, Hjalti Egilsson hjalti@365.is, Hjördís Zoëga Hjördís@365.is, Sigríður Orn Einarsson sigfus@365.is, Svanhildur Ólaf Þorsteinsdóttir svanst@365.is, Orn Geirsson orn.geirsson@365.is. FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÓÐ SÍMI 512-5402: Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Gunnhildur Geira Dan Þorláksdóttir geira@365.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@365.is, Jónatan Atli Sveinsson jonatan@365.is. FÓLK OG SÉRBLÓÐ EFNÍ: Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is. RÁÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403: Hrafnar Helgason hrafnar@365.is, Víðar Ingi Pétursson vip@365.is. ÞJÓNUSTAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407: Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is

REYKJAVÍK GUITARAMA

INTERNATIONAL GUITARFEST

HÁSKÓLABÍÓ 3. OKTÓBER KL. 20



AL DI MEOLA, ROBBEN FORD
BJÖRN THORODDSEN, PEO ALFONSI,
BRYNHILDUR ODDSDÓTTIR OFL.

TÓNLISTARSJÓÐUR



Reykjavíkurborg



FRÉTTIR AF FÓLKI

Sonurinn sáttur með bikarana

Dansarið **Hanna Rún Bazev Óladóttir** og Nikita Bazev sigruðu á bikarmeistaramótinu í latín dönsum í flokki fullorðinna sem fram fór í Laugardalshöllinni í gær.

Hanna Rún var að vonum ánægð með árangurinn og skrifaði status á Facebook-síðu sína þar sem hún þakkaði öllum kærlega fyrir stuðninginn.

Sérstaklega nefndi hún foreldra sína og þakkaði þeim fyrir að passa son hennar og Nikita, Vladímir Óla, á meðan foreldrarnir dónsuðu til sigurs.

Hanna Rún sagði soninn alltaf sömu hetjuna og að hann væri rosalega sáttur með bikarana sem hann fékk í safnið sitt.

- gló



Björgólfur Takefusa eignaðist dóttur

Knattspyrnumaðurinn **Björgólfur Takefusa** og kærasta hans, Magnea Ólafsdóttir, eignuðust dóttur á dögnum.

Þessu greindi Magnea frá á Facebook-síðu sinni þar sem hún birti mynd af hárrúðri dótturinni og sagði foreldrana ekki geta verið ánægðari með litlu dásæmdina sem kom í heiminn þann 14. apríl síðastliðinn.

- gló



Mest lesið VÍSIR

- 1 Dollí kallar Gylfa Ægis „has-been“ á BBC
- 2 Tala látinna nálgast 2.000: Björgunarteymi streyma til Nepal
- 3 Íslensk stjórnmöld veita tíu milljónum til Nepal
- 4 Illugi leigir hús sitt af stjórnarformanni Orku Energy
- 5 Sló konu við Suðurgötu og flúði vettvang

Aukakílóin burt!

„Sykurlöngunin hvarf og mittismálið minnkaði“

natures aid
Raspberry Ketones ADVANCE
400mg
with Green Tea
60 CAPSULES

www.gengurvel.is

RÚMIN SEM ALLIR ERU AÐ TALA UM

the sleep doctor
MICHAEL BREUS PHD

The Dr. Breus Bed®

- Rúmin sem eru hönnuð af svefnsérfræðinginum Dr. Breus

comfort solutions.
never stop dreaming™

CONTINUITY
(Queen Size 152x203 cm)

Millistíft / Stíft

- Gott fyrir þú sem sofa á magnum
- Framleitt í Bandaríkjunum
- Hágeða 5 svefnskípt 700 þokagormakerfi
- Þristíðunarvæpni með kálgeil
- Mjög vindað kanntstyrking

VERÐ 297.400 kr.

ESSENTIAL
(Queen Size 152x203 cm)

Millistíft

- Gætur einstaka aðliggan
- Framleitt í Bandaríkjunum
- Hágeða 5 svefnskípt 700 þokagormakerfi
- Tálubey latex með kálgeil
- Þristíðunarvæpni með kálgeil
- Mjög vindað kanntstyrking

VERÐ 354.200 kr.

DR. MICHAEL BREUS eða Dr. SVEFN

Dr. Michael J. Breus er sálfræðingur sem hefur sérhæft sig í svefni, og þá sérstaklega í svefnsérfræðingum. Hann er einn af einungis 163 einstaklingum í heiminum með þessa menntun. Dr. Breus hefur skrifað mikinn fjölda greina og komið reglulega fyrir í sjónvarpsáttum þar sem hann fjallar um mikilvægi þess að sofa á góðri djúpi. Dr. Breus er hönnuður og framleiðandi The Dr. Breus Bed, en það eru fyrsta og einu rúmin sem hönnuð eru af svefnsérfræðingum. Hann hefur og framleidd rúm í samstarfi við King Koil.

Hin ómótstæðilegu Bellana Delux Lökin eru komin aftur í miklu úrvali af litum og stærðum

rekkjan